

ÝMSIR HÖFUNDAR

Skíðblaðnir, annar

Tímarit



TUNGLIÐ | FORLAG

REYKJAVÍK MMXVI

SKÍÐBLAÐNIR, ANNAR – TÍMARIT

© Höfundarnir, 2016. ISBN 978-9935-472-11-3

Útgefandi: Tunglið forlag, Reykjavík, 2016. Prentun: Leturprent. Sögur þessar birtust fyrst í fyrstu fjórum töluböðum raftímaritsins Skíðblaðnis frá mars 2015 til febrúar 2016. Ritstjóri Skíðblaðnis er Sverrir Norland. Í ritstjórn Skíðblaðnis sitja auk hans Dagur Hjartarson og Ragnar Helgi Ólafsson. Ljósmyndir á kápu eru fengnar af Flickr. Höfundar þeirra eru: Penny Lane (stúlkur haldast í hendur), Khadijah Carrico (hreyft andlit), Andrés Nieto Porras (vegur og fjall), Ciocci (stúlka í rúmi), David Howard (margmenni á fjöldafundi), Xhan104 (frostrósir), Xanatos Satanicos Bombasticos (stúlka í rólu), Paco Burrola (maður í frosti).

EFNISYFIRLIT

Sverrir Norland: <i>Rafstelpusumar</i>	5
Sólveig Johnson: <i>Skúffan</i>	21
Ragnar Helgi Ólafsson: <i>Yfirlýsing frá fyrirverandi aðstoðarforstjóra FSR</i>	35
Júlía Margrét Einarsdóttir: <i>Gleymaska</i>	41
Friðgeir Einarsson: <i>Í Thal</i>	49
Bjargey Ólafsdóttir: <i>Útlagarnir</i>	57
Kristinn Árnason: <i>Berna</i>	77

RAFSTELPUSUMAR

eftir

Sverri Norland

Aðan rakst ég á svo ótrúlega vandræðalega ljósmyndamöppu í tölvunni minni, frá árinu 2019. Þá var ég bara þrettán ára gömul og hafði aldrei átt kærasta, ekki eignast barn, aldrei greitt af húsnæðisláni eða gengist undir laseraðgerð á augunum, aleiga mín var nokkrar bólur, stelpulegir dagdraumar, lágt sjálfsálit, í raun var ég algjört klúður. Á þessum tíma átti ég ekki neinar vinkonur. Þegar leið að þrettán ára afmælinu mínu flaug mömmu (sem hafði stöðugar áhyggjur af mér) það snjallræði í hug að kaupa handa mér vélmenni. Það var eitthvert tilboð á vélmennum í Elko eða annarri lággjaldaverslun og hún keypti handa mér eitt stykki, pakkaði því inn í ógrynni af sumarlegum gjafapappír, skreyttum með

brosildum sólum, litríkum ískúlum, hvínandi sippuböndum, og kom mér á óvart við morgunverðarborðið. „Þetta er rafstelpa, elskan mín,“ sagði hún, brosandí út að eyrum.

„Mamma, þú átt ekki að segja mér hvað er í pakk-anum áður en ég opna hann!“

Á kassanum stóð að vélmennið væri altalandi á nokkrum tungumálum, meðal annars ensku, frönsku, kínversku, spænsku, þýsku, mandarín og rússnesku. Íslenskumælandi vélmenni voru ekki til, þrátt fyrir regluleg loforð framleiðanda um að bæta úr því, og Elko hafði sjálfsagt keypt upp einhvern gamlan, kínverskan lager af rafstelpum, þannig virka þessar lággjaldaverslanir. (Enn þann dag í dag hef ég aldrei rekist á íslenskumælandi vélmenni til sölu.) Mamma sagði að þetta myndi snarbæta enskuna hjá mér. Ég var svoldið uppstökk á þessum tíma, sprengfull af hormónum, og því þótti mér þetta niðurlægjandi fullyrðing hjá mömmu. Ég talaði miklu betri ensku en hún, jafnvel þótt hún kenndi ensku í grunnskólanum mínum. Hinir nemendurnir gerðu stundum grín að framburðinum hjá henni og flissuðu stríðnislega svo að ég heyrði.

Á þessum árum voru peningar af skornum skammti á heimilinu og ég vissi vel að mamma hafði þurft að fórna einhverju – til dæmis djammferð í karlaleit, sem hún stundaði eftir skilnað þeirra pabba, en slíkar barferðir kostuðu auðvitað sitt – og því knúsaði ég hana heitt og innilega fyrir. Síðan blés ég á kertalogana

þrettán sem blöktu á gulrótarkökunni. „Takk, elsku mamma,“ sagði ég og sýndi hvað ég var ánægð með gjöfina með því að snuðra af kassanum og marglesa innihaldslýsingarnar. „Við opnum kassann og ræsum hana eftir skóla,“ sagði mamma. Meðan hún varalitaði sig inni á baðherberginu tróð ég gulrótarkökunni niður. Þetta var einhver sykurlaus „heilsukaka“, með möndlum og graskersfræum og allavegana þannig vitleysu. Mér þótti hugmyndin um heilsusamlega köku út í hött en samt skar ég mér aðra sneið og borðaði hana jafnvel hraðar en þá fyrri og skar mér síðan aðra sneið og aðra og tókst jafnvel að gleypa í mig fimmtu sneiðina rétt áður en mamma hóaði í mig úr anddyrinu – og þá var kakan búin.

„Í guðanna bænum, af hverju þurrkarðu þér ekki úr munnvikunum?“ sagði mamma mæðulega þegar ég settist inn í bílinn. „Þú lítur út eins og tröllabarn.“ Hún vætti fingurgóm og nuðaði hvítu kökukreminu hranalega af kinninni á mér, líkt og hún hafði gert frá því að ég var pinkulítill, og gróf síðan hárgreiðu upp úr handtöskunni sinni og byrjaði að kemba hárið á mér með hryssingslegri og sársaukafullri tækni. „Maaamma,“ mótmælti ég í vælulegum neftón og þá rankaði hún við sér og brunaði af stað yfir regngljáandi göturnar.

„Til hamingju með daginn, ástin mín,“ muldraði hún annars hugar og þeyttist yfir á rauðu ljósi. Mér þótti ótrúlegt að hún hefði aldrei lent í bílslysi.

Ég taldi klukkustundirnar þangað til ég kæmist heim úr skólanum. Mér þótti hundleiðinlegt í skólanum. Námsefnið var ekki nógu krefjandi og allir hinir krakkarnir voru heimskir. Enginn mundi eftir afmælinu mínu og ég minntist ekki á það við nokkurn mann. Ég man að við mamma sóttum ömmu á leiðinni heim (þetta var árið sem amma dó) og þegar við höfðum drukkið síðdegiskaffi og borðað frönsk smjördeigshorn – og pabbi hringt frá London til að óska mér til hamingju með daginn („Já, þetta mundi hann þá!“ hvein í ömmu) – rogaðist ég inn í stofu með kassann utan af vélmennastelpunni minni. Ég skannaði strikamerkið á kassanum með símanum mínum og þá birtust leiðbeiningar á skjánum. Ég valdi „video instructions“ og samstundis poppaði upp mynd af vinalegum, japönskum manni sem útskýrði skilmerkilega, á lærðri en óaðfinnanlegri ensku, hvernig setja skyldi saman rafstelpuna, lim fyrir lim. Ég setti á mig heyrnartólin og reyndi að fá frið frá hásum og gamlingjalegum andardrætti ömmu og stanslausum aðfinnslum hennar og orðapílum, en það var ekki hlaupið að því. Mamma var greinilega strax orðin dauðþreytt á henni og sagðist ætla út að skokka. Amma greip það auðvitað á lofti: „Ætlarðu að hlaupa af þér frönsku hornin?“ Þessi eittraða píla var tvíþætt: Í fyrra lagi hafði framhjáhaldið hennar mömmu verið franskur arkitekt og í seinna lagi var mamma að reyna

að ná af sér nokkrum *aukakílóum* nú þegar hún var komin aftur „út á markaðinn“ og við vissum öll þrjú að hún hefði vel getað látið eitt smjördeigshorn nægja frekar en þrjú. Mér sýndist hún taka þetta svoldið nærri sér. Orða- og hljóðalaust skipti hún yfir í hlaupagallann sinn og hvarf út í hægu, þunglyndislegu úðarigninguna sem lamdi rúðurnar. Ég sá hana fyrir mér skokkandi meðfram sjónum löturhægt, gefast loks upp og ganga síðasta spölinn, lafmóð og eldrauð í framan, pirruð yfir því að þora ekki enn að standa uppi í hárinu á móður sinni.

Amma hlammaði sér hjá mér í græna sófann. Risastór gleraugu, skorpnar æðaberar iðandi hendur, alltaf sama nötrandi forvitnin. Síðustu mánuðina sem amma lifði fannst mér svo vond lykt af henni en ég reyndi að láta á engu bera. Hún rýndi hneyksluð yfir öxlina á mér: „Hvernig hanna þau sálina í svona rafstelpu? Af hverju eignastu ekki alvöru vinkonu?“ Ég hunsaði þessar athugasemdir þó svo að mér sárnaði við rausið. Þegar ég lauk við að púsla saman útlimunum og hafði stungið þeim inn í bolinn og skrúfað höfuðið við hálsinn og svo framvegis, blasti við mér gullfalleg rafstelpa. Sem betur fer hafði amma þá lognast út við hlið mér í sófanum, smjattandi og slefandi.

Ég ýtti á START-takkann: „Guten Tag,“ sagði rafstelpan og brosti til mín með sínum stóru, bláu, heiðríku verksmiðjuaugum. Ég hafði þá fyrir einhvern klaufaskap stillt talprógrammið á þýsku.

Þetta rifjast allt svo skýrlega upp fyrir mér nú þegar ég skrúna gegnum þessa ljósmyndamöppu hér í tölvunni minni.

Hvert hafa árin flogið?

Ég sit hér í íbúðinni minni í Berlín (ég giftist þýskum manni) og minningarnar hellast yfir mig:

Brátt var komið fram í endaðan maí, skólanum lauk, við tók frelsi sumarsins. Rafstelpan – sem ég skírði Klöru – hljóp með mér út í góða veðrið, mamma stóð á hlaðinu og gerði teygjuæfingar, eldrjóð að vanda, langhlaupin voru að verða að þráhyggju hjá henni. „Ótrúleg er tæknin,“ sagði hún og vildi endilega fá að taka mynd af okkur Klöru. Á þeim tímapunkti vorum við strax orðnar perluvinkonur, „óaðskiljanlegar“ eins og stundum er sagt, og ég var byrjuð að þekkja vel inn á „tilfinningalíf“ hennar. „Ekki tala um hana sem einhverja tæknibyltingu,“ hvíslaði ég pirruð í eyra mömmu. „Hún verður svo leið.“

„Svona, svona, elskan, stillið ykkur nú upp fyrir myndina.“

Á ljósmyndinni stend ég með skakkt og niðurbælt bros (spangirnar), nasirnar eru svoldið útglenntar (ég gerist enn sek um þennan kæk þegar ég brosi á ljósmyndum – fáránlegt!) og Klara, sem hefur lagt yfir mig hægri handlegginn, virkar eiginlega meira lifandi en ég, sjálfsöruggari, dýpri. Ég hef enn ekkert lýst henni, frábæra, svarta hárinu hennar, svo síðu, hreinu

og skínandi, löngum, þokkafullum vextinum (módelið var „14 ára“ en mamma hafði reyndar stundum orð á því að Klara væri óvenju íturvaxin miðað við aldur) og því hvað hún bar öll föt vel. Í samanburði er ég einmitt eins og lítil tröllskessa á þessari ljósmynd, nývöknuð eftir blund í helli mínum, þó ekki með neitt kökukrem í munnvikunum.

Ég stari lengi á þessa ljósmynd og fyllist hægt og bitandi svo skelfilegri sektarkennd yfir því sem gerðist. Ég þarf að sækja klút til að þerra tárin af lyklaborðinu.

* * *

Við Klara lékum okkur saman allt sumarið og mér fleygði auðvitað fram í þýskunni. Við höfðum farið með hana á verkstæði en í ljós kom að þetta var „óbæt-anlegur galli í eintakinu“ og ekki hægt að breyta aftur um tungumál. Í búðinni buðu þau okkur nýtt eintak en þá hafði ég þegar bundist Klöru of sterkum tilfinningaböndum til að skiljast við hana. Á heimleiðinni stökk mamma inn í Bóksölu stúdenta – síðustu efnislegu bókabúðina sem enn var starfrækt á Íslandi, þökk sé ríkisfjármagni – og keypti handa mér notað eintak af íslensk-þýskri, þýsk-íslenskri orðabók. Elsku mamma. Ég reyndi að koma henni í skilning um að þetta væri óþarfi – ég hefði netið til að læra þýsku – en hún lét sér ekki segjast. Varla þarf að taka fram að ég snerti aldrei aftur þessa orðabók. Ekki leið samt á löngu uns ég var orðin reiprennandi

í þýskunni, bæði rifrildis- og muldurfær – ef maður getur bæði rifist á tungumáli og muldrað það fyrir vörum sér, helst utan við sig („Hvað gerði ég aftur við inniskóna mína?“) – þá talar maður það reiprennandi. Undir lok ágústmánuðar var mig meira að segja farið að dreyma stundum á þýsku. Þetta var síðasta sumarið áður en alvara lífsins sótti mig heim, ég hafði aldrei unnið við neitt, hvað þá átt kærasta eða eignast barn, aleiga mín var líkt og áður sagði nokkrar viðbjóðslegar unglingsbólur, stelpulegir dagdraumar, alltof lágt sjálfálit – og glæný rafstelpa (þó að mér væri illa við að líta á mig sem „eiganda“ Klöru; hún var *vinur minn*). Við línuskautuðum vítt og breitt um borgina, lágum í sólbaði og létum okkur dreyma um að stofna pönkhljómsveit. Stærsti hæfileiki Klöru var líklega hvað hún var góður hlustandi. Plús að hún hafði sannkallað filmsminni og gat því sett allt sem ég sagði henni í kristalskýrt samhengi við nýjustu upplýsingar. Svipurinn á henni var greindarlegur en um leið góðlegur og það liðkaði fyrir mér þegar ég létti á hjarta mínu við hana að hún hafði andlit sem auðvelt var að treysta. Líklega var það engin tilviljun; að baki hönnuninni lágu áralangar rannsóknir. Ég sagði henni frá pabba og sýndi henni pönkaða lagatexta, þeir voru á ensku svo að hún skildi þá auðvitað ekki en hún skynjaði reiðina sem kraumaði að baki orðunum. Nú vantaði okkur bara hljóðfærin. Til að safna fyrir þeim bönkuðum við upp á hjá afa (þau amma höfðu ekki talast við í aldarfjórðung; ef þau hefðu verið leidd inn í sama

herbergi hefði sjálfsagt orðið svo öflug sprenging að Ísland hefði sokkið í sæ) og fengum loks, eftir talsvert suð og þref, lánaða hjá honum rauðu LawnMaster-sláttuvélina hans, gegn því að við klipptum á honum táneglurnar og skrúbbuðum líkþorn af iljunum. (Ég er ekki að grínast: Hann var orðinn svona stirður.) Síðan gengum við Klara húsa á milli og buðum fram þjónustu okkar. Þetta hafði verið einkennilega sveiflukennt sumar, á skiptust miklir sólskinskaflar og langdregnar rigningarlotur og því var rosa fín spretta í grasinu. Við Klara mokgræddum, að minnsta kosti á þann mælikvarða sem ég hafði þá, og lágum svo undir lok dags flissandi í garðinum heima, í grasgrænkuðum fötum, sötrandi heimagert límónaði. Ég tók eftir því að strákar, kannski þrír saman á leið heim af fótboltaæfingu, renndu oft hýru auga til Klöru en hunsuðu mig fullkomlega. Ég var von því og reyndi að láta á engu bera. Ég laumaðist til að lesa um kynlíf með rafstelpum á netinu og vissi að þetta tíðkaðist víða um heim og að sumir karlmenn – og kvenmenn auðvitað – völdu rafmanneskjur fram yfir bólfélagi af holdi og blóði, enda lutu rafmennskjurnar alfarið vilja „eigenda“ sinna í rúminu og féllust jafnvel á fráleitustu hugmyndir þeirra. Þetta ræddi ég ekkert við Klöru. Á kvöldin lás um við þýskar þýðingar á Harry Potter og Twilight og Game of Thrones. Klara hafði milda og aðlaðandi rödd, mjög vinallega, og það var dásamlegt að sofna út frá upplestri hennar, með rifaðan glugga svo að hlýtt og ferskt sumarloftið bærist inn til okkar,

súrefni til að örva myndirnar sem orðin í sögunum vörpuðu inn í kollinn á mér. Hvað er betra en að sofna líkamlega úrvinda, að loknu góðu dagsverki, með traustan vin sitjandi á rúmstokknum, lesandi fyrir mann? Mamma hafði orð á því að ég væri tekin að ljóma eins og 100 vatta ljósapera.

* * *

Það rann ekki upp fyrir mér fyrr en ég sneri aftur til skóla um haustið að ég hafði varla haft nein samskipti við aðra krakka allt sumarið. Klara slappaði af heima í hleðslu meðan ég afplánaði fyrstu dagana í unglingsdeildinni og beið mín svo við lóðamörkin eftir síðasta tímann, iðulega falin í stóra, kerlingarlega kápu svo að hún yrði ekki fyrir aðkasti frá spólgröðum bekkjarfélögum mínum. Þaðan var hún svo samferða mér heim og þeir fáu sem sáu okkur gerðu ráð fyrir að þetta væri amma mín og sýndu okkur því engan áhuga.

„Af hverju má ég aldrei koma með þér í skólann?“ spurði Klara einu sinni. „Mér hundleiðist heima í hleðslu.“

„Vegna þess að þú ert ekki í Þjóðskrá,“ var eina svarið sem mér datt í hug.

Ég var dauðhrædd um að einhverjir skólafélaga minna uppgötvuðu sannleikann um þessa nýju vinkonu mína og legðu vináttu okkar í rúst og því hljóp ég jafnan út úr síðasta tímanum þangað sem Klara beið mín við rauða grindverkið hjá grenitrjánum. Þetta

gerði ég frekar en að fá far með mömmu, enda hefði ég þá þurft að ganga yfir fótboltavöllinn og hjá rólóunum, að kennarastæðinu, og þar leyndust margar hættur á leiðinni. Ég sagði mömmu að ég gerði þetta til að grenna mig. Ánægjan skein úr augum hennar. Sjálf hafði hún breyst í eina af þessum miðaldra konum sem ánetjast hlaupafíkninni svo harkalega að þær verða allar teygðar og horaðar og afbrigðilegar, eins og hálfgerðar eðlukonur. Hún var orðin mjög spengileg, en líka svoldið ógnvekjandi í útliti.

Það var Klara sem flutti mér tíðindin af því þegar amma dó. Þetta bar mjög brátt að. Hringt var heim af dvalarheimilinu: Hjartaáfall, það þriðja og síðasta. Sem betur fer var forstöðukona dvalarheimilisins af þýskum ættum og gat því gert sig skiljanlega við Klöru, sem sagðist vera barnabarn ömmu og tók við tíðindunum. Við mamma grétum alla nóttina og Klara hughreysti okkur. Hún lagaði te og kveikti á kertum og hafði ofan af fyrir okkur með ýmsum hughreystingarorðum. Afi kom í útförina og skældi eins og lítið barn. Það var þá sem ég lærði hversu heimskulegt það er að vera í fýlu út í aðra. Einn daginn er lífið bara búið og þá er of seint að biðjast fyrirgefningar. Þetta virkar svo einfalt en oft smitast einföldustu lexiurnar ekki út í hegðun okkur fyrr en alltof seint. Klara klæddist fallegum, svörtum kjól (sem var orðinn of víður á mömmu) og ég fékk fiðring í magann þegar hún steig út í sólskinið eftir athöfnina. Dagsbirtan naut þess að leika um síða, slegna hárið

á henni, grannar en kvenlegar útlínurnar, og það sló mig þá að hún var fallegasta stelpa sem ég hafði nokkru sinni séð. Eftir þessa sorglegu athöfn í húsi dauðans virkaði hún meira lifandi en allt annað fólk sem ég hafði kynnst, þarna í glitrandi haustsólskininu á steinsteypnum tröppunum við dómkirkjuna. Mig langaði að segja henni það en ég þorði ekki. Naut þess bara að láta hana hugga mig og faðma mig að sér.

Þetta er síðasta myndin í albúminu mínu hér í tölvunni: við Klara að faðmast á tröppunum við dómkirkjuna. Ég veit ekki hver hefur tekið ljósmyndina, líklega mamma, og við vefjum örmunum hvor utan um aðra eins og þetta faðmlag muni aldrei linast, því muni aldrei ljúka.

* * *

Ég veit ekki hvað í ósköpunum leiddi til þess að ég mætti í skólasundið daginn eftir. Venjulega skrúpaði ég bara, án nokkurs samviskubits og nú bættist við að ég hafði fullkomlega löggilda afsökun: Mér leið illa vegna ömmu. En ég var eitthvað utan við mig. Leið bara eins og viljalaus vofa gegnum skóladaginn í humátt á eftir ærslafullum skólafélögum mínum. Í „frjálsa tímanum“ í sundinu máttu allir fara á stökkbrettið og skyndilega stóð ég fyrir eggjanir og hvatningu hinna krakkanna þarna í nokkurra metra hæð yfir ógeðslegu klórvatninu, fullu af þvagi og húðflögum og slefi. Án þess að leiða hugann neitt sérstaklega að því lét ég mig

bara gossa, *splass*, til að ljúka þessu af – og auðvitað gerðu hinir krakkarnir stólpagrín að mér þegar ég skall með ægilegu plomphljóði á vatninu. „Eins gott að búið er að banna hvalveiðar,“ sagði einhver og allir skellihlógu. Ég grét í sturtunni en það sást ekki fyrir kraftmikilli bununni plús að ég sneri alltaf baki í hinar stelpurnar og konurnar í sturtuklefanum. Klara beið mín á götubekknunum fyrir utan sundlaugina. Hún var ekki lengur klædd í gömlu, kerlingarlegu kápuna heldur komin í léttan, ljósbláan gallajakka sem sýndi vel fallett sköpulag hennar og hún var að spjalla við tvo bekkjarfélaga mína, vinsæla fótboltagaura. Eða – þeir voru að reyna að spjalla við hana og gerðu ráð fyrir að hún væri þýskur túristi. „Ert þú vinkona hennar?“ spurðu þeir vantrúaðir þegar ég birtist með blauta, rauða tröllahárið og ennþá rauðari húð eftir ertinginn frá öllum klórnum í sundvatninu. „Fokkið ykkur,“ sagði ég og horfði á eftir þeim stökkva flissandi inn í skólarútuna. Skömmu síðar hvarf rútan út götuna með bekkjarsystkini mín. Enginn pældi neitt í því þótt ég yrði þarna eftir.

Við Klara höfðum ætlað að halda fyrstu hljóm-sveitaræfinguna okkar þennan sama dag. Nafnið var komið („Munnangur“ – Klara bar það fram með mjög myndnum þýskum hreim) og mamma hafði reddað okkur tíma í einhverju æfingarhúsnæði á vegum nýja gausins sem hún var að deita. Fyrir garðslátturspeningana höfðum við keypt lítið trommusett og rafmagsgítar ásamt magnara og ég hafði hlakkað til dögum

saman. En nú var ég bara skyndilega ekki í neinu stuði lengur.

„Mig langar aftur í sund,“ sagði ég og kom sjálfri mér á óvart með þeirri yfirlýsingu. En það var eins og ég sæti ekki lengur við stjórnvölinn í sjálfri mér.

Klara hváði. „En þú varst í sundi. Og þú *hatar* sund.“

„Alveg sama, mig langar aftur í sund. Mig langar í sund með þér, Klara.“

Klara sagðist skilja að mér liði illa vegna ömmu. Lækningin væri hins vegar alls ekki fólgin í því að velta sér upp úr sorginni. Þeir sem eftir lifðu yrði að halda áfram að vera til og það yrði gott að fá útrás með hljóðfærunum.

Skilja? hugsaði ég. Hvað þóttist hún *skilja*? Hvað vissi hún um að vera til? Um það að fá útrás? Nei, auðvitað skildi hún það ekkert! Hún þóttist skilja hvernig mér leið; hún var *forrituð* til að þykjast skilja það. Fyrir henni var þetta bara einhver tækniþrella. Ég var stelpa af holdi og blóði, hún var búin til úr járni og vírum og húðlíki og sílíkoni, auðvitað gat hún ekki skilið hvernig mér leið, skyndilega fannst mér ekkert nauðsynlegra en að sýna henni fram á hvað hún væri fölsk, að hún væri bara loddari af einhverju færibaldi, að ég væri manneskja með alvöru tilfinningar en hún bara fínslípuð verksmiðjuafurð. Ég dró hana með mér inn í Sundhöllina og leigði handa henni bláan Speedo-sundbol í afgreiðslunni. Klara þráaðist svoldið við: „Þú veist að ég má ekki fara út í laugina. Ég skemmist.“ En hún var forrituð til að fallast á hugmyndir mínar

og lét því undan þrýstingnum. Meðan við klæddum okkur úr og læstum fötin okkar inni í skápunum rann betur og betur upp fyrir mér hvernig hún hafði blekkt mig allt sumarið, sleikt sig upp við mig, orðið vinkona mína á kolröngum forsendum. Sturtuvörðurinn (skapvonskuleg kona með þung slapandi brjóst, undir hvítum pólóbol með slagorðinu GAMAN Í SUNDI) stöðvaði okkur: „Eruð þið búnar að þrifa ykkur?“ og ég hreytti í hana svo ónotalegu: „Já, auðvitað!“ að hún sleppti okkur án frekari yfirheyrslu. „Upp á stökkbrettið með þig,“ sagði ég við Klöru þegar við komum fram að lauginni. Mér sýndist hún vera byrjuð að gráta en ég vissi sem var: að hún gat ekki grátið, að minnsta kosti ekki í sama skilningi og ég. Hún fíkraði sig upp kaldan og blautan stálstigann, blái sundbolurinn var aðeins of stór á hana og pokaðist svoldið yfir bringuna, og svo stóð hún þarna nokkrum ógnvekjandi metrum yfir vatninu, en ég á bakkanum og hafði ekki af henni augun. Ef frá var talinn sterklegur, gamall karl, mjög loðinn á bringunni, sem lyfti lóðum í æfingahorninu, var enginn þarna í innilauginni nema áhugalaus gæslukona sem góndi á snjallsíma í fjærendanum, sitjandi á hvítum plaststól. Ég hvessti röddina: „Stökktu,“ sagði ég. Mér sýndist hún skjálfa, af ótta eða kulda, auðvitað var það samt einungis blekking, tækniundur til þess gert að gabba mig.

„Stökktu,“ endurtók ég.

„En ég vil það ekki,“ sagði Klara.

„Stökktu!“ æpti ég.

Vatnið litaðist hvínandi rafbylgjum sem enn blossa stundum upp í huga mér þegar ég loka augunum. Klara sökk til botns, flaut síðan hægt og rólega upp á yfirborðið með andlitið niður, svart og fallett hárið teygði sig út í allar áttir, þetta var vinkona mín sem hafði verið mér meira lifandi en allir aðrir krakkar sem ég kynntist fyrir og síðar. Líkt og flestir af minni kynslóð hef ég eytt næstum allri ævinni með einhvers konar raftæki fyrir framan mig; af hverju gat ég ekki afborið að eiga eitt þeirra að vini? Ég er viss um að hún skildi mig betur en nokkur annar, skildi mig í raun og veru.

Ég hef aldrei eignast annað vélmanni eftir þetta.

SKÚFFAN

eftir

Sólveigu Johnsen

Ég þarf að ganga í nokkrar mínútur frá eina bílastæðinu sem ég fann á Bræðraborgarstígnum. Ef ekki væri fyrir þetta sérkennilega miðnætursólarfyrirkomulag sem tíðkast hér á landi væri farið að rökkva ansi hressilega, birtan er grá þrátt fyrir ljósadýrðina sem prýðir himininn við sjóndeildarhring. Ég geng eins hratt og skórnir mínir leyfa; platan undir hægri hælnum er dottin af og það heyrir óþægilegt járnhljóð í hvert skipti sem ég stíg til jarðar. Veðrið er stillt og hentar ágætlega til kvöldgöngu, sæmilega hlýtt meira að segja. Kannski skreppum við í eina slíka á eftir.

Húsið hennar Ingu er steinsteypugrátt, í stíl við birtuna, gangstéttina og flest önnur hús í götunni. Ég geng upp þessar tvær málamyndatröppur sem liggja

að útidyrnum og hringi samkvæmt leiðbeiningum, ómerktu bjöllunni í miðjunni. Það líða örugglega tvær mínútur áður en Inga svarar.

„Hver er?“

Hún er svo myndin, spyr hver ég sé þrátt fyrir að eiga von á mér. Nojaða stelpa. Hátt, brakandi suð í læsingunni og ég flýti mér upp stigann. Það brakar líka í þrepunum þetta er gamall tréstigi, fremur illa farinn. Inga stendur í dyragættinni að íbúðinni sinni, örlítið hvekk á svip. Hún brosir þegar hún sér mig, tennurnar hálfu númeri of stórar fyrir munninn. Krúttíð.

„Hæ, elskan mín! Yndislegt að sjá þig,“ segir hún hátt og snjallt og hleypur út stigapallinn, stekkur á mig og faðmar mig innilega.

Ég svara henni með „sömuleiðis“ og tek eftir hve groddalega mín eigin rödd hljómar í samanburði við lágu, sætu röddina hennar. Inga er öll voðalega sæt. Lítil og sæt. Hún er örugglega svona einn fimmtíu og fimm í mesta lagi, smágerð á alla kanta og með risastór blá augu. Notar alltaf aðeins of mikinn maskara þannig að augnhárin verða áberandi löng og svört. Það fer henni vel. Til að toppa krúttlegheitin litar hún hárið platínuljóst og býr til ýmiss konar skemmtilegar greiðslur í það. Það hefur aldrei brugðist að þegar Inga kíkir á barinn kemur einhver aðvífandi og býður henni í glas, alveg óháð því hvort hana langar í drykk eða ekki. Eitthvað við hana fær alla, konur og kalla, til að vilja gefa henni hluti og vera góðir við hana. Ef hún væri ofurhetja væri það hennar ofurkraftur.

Inga byrjar á að lóðsa mig um híbýlin, hún er tiltölulega nýflutt inn og ég hef ekki komið hingað áður. Þetta er klassísk miðbæjaríbúð, gömul en ágætlega farin; veggirnir eru nýmálaðir og baðherbergið rúm-gott og hreinlegt. Eldhúsinnréttingin má þó muna fifil sinn fegurri og mig grunar að litavalið hafi farið fram á áttunda áratugnum (eða var það ekki þá sem skær-appelsínugul húsgögn voru í tísku?).

Henni hefur tekist ágætlega til í flutningunum, stofan er hlýleg og mér líður sjálfkrafa vel þar. Risastórt vanilluilmkerti logar í krukku á sjónvarpsborðinu og grái, feiti kötturinn Snati liggur makindalega á sófanum milli skrautlegra púða. Inga er bersýnilega stolt af verki sínu, hún dansar um íbúðina og sýnir mér gardínurnar sem hún keypti á útsölu í RL búðinni (það er orðið sem við notum yfir Rúmfatalagerinn því það hljómar eins og nafn á svakafinni hönnunarbúð).

„Svo eru alls konar skritin lítil hólf hérna í veggjunum,“ segir hún spennt og bendir mér á einhvers konar innbyggða skápa niðri við gólfíð á tveimur stöðum í stofunni, sem eru alls ekki nógu stórir til að vera fataskápar.

„Ég veit ekkert til hvers þau eru,“ heldur hún áfram, „en ég elska að hafa þau til að skríða inn í þegar ég er orðin nojuð þú veist ...“

Ég kinka kolli og brosi. Inga fær stundum ofsóknaræði eftir langar djammhelgar og heldur að einhver sé að reyna að ná henni. Þá á hún til að loka sig inni hjá sér og hleypa engum inn fyrir en ástandið er liðið hjá.

Maður verður bara að leyfa henni það. Anna vinkona okkar stóð einu sinni og hamaðist á dyrabjöllunni hjá henni í tvo tíma án árangurs (þær höfðu mælt sér mót) og þegar Inga svaraði loks kom í ljós að hún hafði límt einangrunarteip meðfram öllum köntum á hurðum og gluggum og læst sig inni í svefnherbergi í nokkra klukkutíma. Svona er hún bara, þessi elska.

„Viltu smá hvítvín?“ spyr ég og rölti fram að útidrym til að ná í flöskuna úr töskunni minni.

„Já elskan, það væri snilld,“ svarar Inga og fer inn í eldhús. Hún kemur aftur fram skömmu síðar með tvö glös og gamlan tréstól sem hún stillir upp á miðju stofugólfi. Ég opna flöskuna og helli í glösin á meðan hún dregur lítið borð fram úr öðru vegghólfinu, kemur því fyrir við hliðina á stólnum og raðar á það klippigræjunum sínum.

„Eigum við ekki bara að skella okkur í þetta strax?“

„Jú, endilega“ svara ég. „Ertu svo ekki til í að setja smá strípur líka? Svona extra fíngerðar eins og þú gerðir síðast.“

Inga jánkar þessu, ég rétti henni glas og við skálum. Vinið er ódýrt og sætt, ég kalla það alltaf bokkuvín af því það kemur í eins og hálf lítra risaflöskum.

Ég fæ mér sæti á tréstólnum og leyfi Ingu að leika listir sínar með hárið á mér. Það er ósköp notalegt – ég treysti henni fullkomlega fyrir þessu og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur. Hún veit upp á hár hvað ég vil. Svo er líka afskaplega indælt að þurfa ekki að pína sig í

gegnum small talk með bláókunnugri hárgreiðslukonu úti í bæ.

„Og hvað segiru elskan, er eitthvað að fréttu? Hvernig gengur hjá ykkur Gumma?“ spyr Inga þegar hún hefur lokið undirbúningnum og er byrjuð að særa endana á hárinu. Það er nammilykt af henni, hún hefur notað sama líkamsspreyið síðan við kynntumst; það heitir *Candy*-eitthvað og lyktar alveg eins og kandífloss.

„Það gengur bara ágætlega, sko. Hann er alltaf að tala um þessar blessuðu barneignir, alveg hættir ekki.“ Ég sé um leið eftir orðunum.

„Ég bara held ég sé ekki alveg tilbúin ennþá,“ held ég áfram og vonast til að afgreiða þannig málið.

„Nú? Er ekkert farið að klingja í bjöllumum, þú veist?“

Inga flissar og ég verð pínulítið pirruð. Ég skil ekki af hverju það er álitnið sjálfsagt mál að við tuttugu og fimm ára aldurinn kvikni skyndilega á manískri barnaþörf og eggjastokkarnir fari að syngja og klukkur að tifa og ég veit ekki hvað og hvað. Má maður ekki bara vera til í friði?

„Neeeeeiii, veistu ...“ segi ég hikandi. Læt svo vaða. „Mér bara finnast börn leiðinleg. Hugsa að ég myndi fá massíft fæðingarþunglyndi og enda með að þola ekki krakkann. Æi, ég veit bara ekki hvort þetta er yfirhöfuð eitthvað fyrir mig. Að eignast börn. Ég bara veit ekki, sko.“

Inga þegir, svo ég læt dæluna ganga frekar en að sitja undir óþægilegri þögn.

„Ekki misskilja mig, ég hata ekkert öll börn, sko. Mér finnast þau bara ekki sérlega skemmtileg og ég á geðveikt erfitt með að muna að ég geti ekki bara rökrætt við þau eins og fullorðið fólk. Þau eru alveg krúttleg og sæt og allt það. En mig langar ekkert að vera föst með eitt stykki með mér allan daginn alla daga allt árið um kring. Í tuttugu ár eða eitthvað! Ég meina, kommon, ég er bara ekki þolinmóð manneskja.“

Ekkert heyrst í Ingu, sem heldur áfram að klippa mig í rólegheitum.

„Æi, sorry. Ég er soldið geðveik með þetta. Finnst þér ég vera vond?“ spyr ég og vona innilega að hún geti á einhvern máta skilið þetta. Andskotinn, hvað var ég eiginlega að blaðra.

„Nei, nei, elskan mín, engar áhyggjur,“ svarar Inga með sætu röddinni – ekki í alvarlegu sjokki að því er mér heyrst. „Þetta er allt í lagi,“ heldur hún áfram, færir sig til og byrjar á toppnum. „Fólk er alls konar og þér mega alveg leiðast börn. En það væri kannski góð hugmynd að segja Gumma frá því ...“

„Já, það er alveg rétt hjá þér. Ég þæli í þessu.“

Ég er alveg miður mín, best að reyna að skipta um umræðuefni.

„En hvað er að fréttu af þér, mín kæra? Gengur vel á stofunni?“

Inga tekur þátt í að eyða þessu hræðilega samtali og segir mér frá helstu nýjungum hárgreiðsluheimsins

og fyrirhugaðri sýningu á vetrarlínunni. Mér hefur alltaf þótt kjánalegt að vetrarlínur séu sýndar á sumrin og sumarlínur á veturna, þannig að sumarkjóra- og bikinítískan er kynnt í snjó og frosti. En svona þarf þetta víst að vera svo fólk geti keypt allt draslið í tæka tíð fyrir árstíð. Eða árshátíð.

Klippingin tekur stutta stund og við tökum okkur sígó- og hvítvínspásu úti við gluggann áður en Inga hefst handa við að strípa á mér hausinn. Ég vil halda litnum mínum náttúrulegum en er því miður svo óheppin að skarta hinum einstaka sauðkindar-skollit sem verður bókstaflega grár ef maður er ekki alltaf úti í sólinni. Þess vegna flikka ég upp á hann með ljósum strípum af og til, þá lít ég ekki út eins og draugur.

Inga er fljótari að reykja en ég (reyndar reyki ég rúllutóbak, það brennur hægar) og röltir inn í svefnherbergi þegar hún hefur drepíð í sígarettunni. Öskubakkinn hennar er bleikur með mynd af fil.

Á meðan ég púa síðustu smókana sest ég á sófann og geri heiðarlega tilraun til að klappa kettinum Snata. Hann er frekar hvumpinn og alls ekki þakklátur mér fyrir klappið; stendur meira að segja upp og færir sig yfir á hinn enda sófans. Hafnað af ketti, það vantaði bara. Eiga þessi dýr ekki að mala og vera krúttleg?

Sem betur fer lýkur vandræðalegri samveru minni og Snata fljótt, Inga kemur aftur inn í stofu og standandi á miðju gólfinu skammtar hún sjálfri sér vænan slatta af spítti úr glærum ziplock poka. Hún notar skeið. Matskeið. Upp í munn og oní maga, skolað niður með

bláu Powerade sem stóð á sófaborðinu. Ósjálfrátt velti ég fyrir mér hvort blátt Powerade bragðist betur sem spíttniðurskol en gult, en kemst ekki langt með þær pælingar.

„Viltu smá spítt elskan?“ spyr Inga, réttir mér pokann og brosir. „Mér finnst svo gott að fá mér þínu áður en ég geri strípur. Þá er ég svo fljót!“ Hún hlær. Hláturinn hennar er smitandi og sætur eins og hún.

Ég þarf ekki að velta þessu tilboði sérstaklega fyrir mér, ég hef afar sjaldan neitað ókeypis eiturlyfjum og vil síður en svo móðga manneskjuna sem litar á mér hárið. Þar sem ég hef ekki nálægt því eins mikið þol og Inga læt ég þó duga að fá mér pínulítið í hvora nös með húslyklinum mínum. Þetta er frekar kemískt spítt, smá blómabragð að því. Samt gott. Og fer alls ekki illa með ódýru hvítvíni, skál fyrir því!

Næsti klukkutími líður hratt. Það er leiðinlegasta aukaverkunin af spítti – tíminn flýgur í burtu. Við Inga tölum og tölum á meðan hún setur strípulitinn í. Þetta var alveg rétt hjá henni, hún er extra fljót í þetta skipti. Við tölum um vinnufélaga mína á skrifstofunni og ég segi Ingu frá því hvað forstjórinn var fullur á vorfagnaðinum og hvernig hann reyndi við Vigggu og hvað yfirmaðurinn minn var fyndin þegar hún dró mig með sér á klósettið og bauð mér rítalín og hvað ég varð kolrugluð af því. Oh, ég var eiginlega búin að gleyma hvað það er gaman að fá sér spítt með Ingu og tala. Hún er svo skemmtileg.

Við tókum aðra sígó-, hvítvíns- og spíttpásu þegar

liturinn er kominn í, þurfum að hinkra í allavega hálf tíma. Inga dregur fram stórskemmtilega liti sem leysast upp í vatni og saman búum við til litríka mynd á pappaspjald. Inga er nefnilega listakona í frístundum, hún hefur meira að segja málað skínandi fallega mynd sem hangir uppi á vegg heima hjá mér. Vá, litirnir verða brjálæðislega skærir þegar maður bleytir upp í þeim.

Eftir örskamma stund eru fjörutíu mínútur liðnar og við þurfum að skola litinn úr hárinu. Inga býðst til að hjálpa mér. Hún lætur mig setjast við baðkarið og halla höfðinu aftur á bak ofan í það, svo skolar hún hárið eins og við værum að nota ekta hárgreiðslustofuvask. Lyktin af hárlitnum og næringunni blandast fallega saman við nammilyktina af Ingu, hún er þétt upp við mig, hallar sér yfir mig. Brjóstin eiginlega framan í mér. Ég gríp um mittið á henni án þess að velta því sérstaklega fyrir mér, hálfpartinn til að renna ekki á gólfinu og hálfpartinn af því að það gerist bara. Á eðlilegan og réttan hátt.

Það er gott að koma við hana og finna fyrir henni, svo gott að hálsrígurinn og óþægileg stellingin hætta að skipta máli. Hún nuddar hársvörðinn á meðan næringin er að virka, skolar hana svo úr. Vatnið örlítið of heitt, samt notalegt. Ég vil helst ekki að hún klári verk-ið og færi sig, þessi stund má mín vegna endast í nokkra klukkutíma. Skítt með hálsríginn! Mér verður þó ekki að ósk minni og hárnæringin hverfur úr hárinu, að því er virðist á met tíma. Inga skrófar fyrir vatnið og

leggur sturtuhausinn ofan í baðkarið, reisir sig svo aðeins við en ég held áfram um mittið á henni og vil bara alls ekki sleppa. Skyndilega verða sekúndurnar margfaldar að lengd og eins og í slow-motion færast andlit okkar til móts hvort við annað. Ég veit ekkert hvað ég ætla að gera og hvort ég hafi kjarkinn til þess. Veit samt hvað ég vil gera. Og þegar ég sé risastóru bláu augun, þínu glær en samt svo falleg, get ég bara ekki látið augnablikið líða hjá. Hjarta mitt hamast ennþá hraðar, ekki út af spíttinu heldur út af Ingu, það ætlaðar eiginlega bara út úr brjóstkassanum, en fjandinn hafi það – ég geri þetta. Ég toga hana til mín og kyssi hana.

Milljón hugsanir fljúga í gegnum hausinn á mér á örskotsstundu, heilinn tínir til öll möguleg og ómöguleg viðbrögð sem ég gæti eða gæti ekki átt von á. Hún hafnar mér, lemur mig, hringir á lögguna, ríður mér og giftist mér, allt á sekúndubroti. En mjúkar varirnar mæta mínum og það er gott. Hún grípur um andlit mitt, tosar laust í rennandi blautt hárið, kyssir mig á móti. Óvissan og skelfingin hverfa eins og döggy fyrir sólu, ég þrýsti henni að mér og einhvern veginn veltumst við niður á gólfið þar sem við liggjum í iðandi faðmlögum, hömlulausar, ég fæ gæsa húð niður í tær þegar hún bítur mig í hálsinn.

Mér tekst að veita henni fullnægingu þarna í rúmgóðu baðherberginu. Ég nota öll trixin sem ég hef sankað að mér og læt hendur standa fram úr ermum til að gulltryggja að hún sjái ekki eftir þessu. Hef helst áhyggjur af því að hún verði marin á bakinu á morgun.

En það er ekki mér að kenna – ég get ekki galdrað fram púða á baðherbergisgólfum.

Allt í einu sitjum við á ísköldum, hálfblautum flísum og yfir okkur gnæfir tignarlegur Gustavsberginn. Við lítum hvor á aðra og síðan á klósettið og förum að skellihlæja.

„Hvaða snilld var þetta?!“ segir Inga og nær varla andanum. „Þú ert alveg rosaleg! Ég á ekki til orð ... bara á klósettgólfinu!“

Hláturinn vill ekki hætta, þetta er fáránlega absúrd. Og mér líður svo vel.

Þegar ég róast aðeins næ ég loks að koma upp orði. „Er ég með Ozzy Osbourne syndrome?“ spyr ég Ingu og fer aftur að hlæja. Hún kinkar kolli, ég stend upp og kíki í spegilinn. Svartar klessur um allt andlit, hárið ennþá blautt og úti um allt. Ég lít út eins og kjáni. Inga birtist í speglinum við hliðina á mér, töluvert skárrí. Hún er algjört bjúti. Ég er líklega svona tuttugu sentimetrum hærrí en hún og þrátt fyrir útganginn á mér get ég ekki annað en dáðst að því hvað við yrðum fallett par.

Ég ríf mig upp úr draumórum mínum, þríf maskarahelvítið framan úr mér og greiði hárið. Inga fer fram á meðan og óöryggið skýtur strax aftur upp kollinum.

„Strípurnar eru mjög vel heppnaðar,“ kalla ég fram til hennar.

„Æði,“ fæ ég til baka. Úff, vonandi voru þetta ekki mistök. Af hverju segir hún ekkert fleira?

Þegar ég hætti mér aftur fram í stofu er ég orðin alveg viss um að hún muni henda mér út. Núna. En aftur þarf ég að éta ofan í mig eigin spádóma því Inga situr á sófanum, vafin í teppi og heldur á girnilegri jónu. Hún brosir til mín og bendir mér að koma. Við kyssumst meira og reykjum jónuna og hendum kettinum á gólfð – áhyggjur mínar voru óþarfar.

Þegar við leggjumst í rúmið hennar og horfum á gamla *Friends*-þætti líður mér eins og ég sé komin heim. Það er eitthvað óendanlega rétt við þetta allt saman. Og þegar ég er alveg að sofna hvíslar Inga í eyrað á mér: „Þú ert fullkomin.“ Eða, ég held hún hafi gert það. Kannski var mig að dreyma.

Líkamsklukkan ruglast alltaf þegar ég nota eiturlyf og ég furða mig því ekkert á því að klukkan sé orðin hálfsex þegar ég vakna. Hálfsex um morgun, nota bene.

Ég er ein í rúminu, vafin í bleika sæng. Nammilykt í loftinu.

Ég geng nakin fram og býst við að finna Ingu í stofunni. Hana er hvergi að sjá en kötturinn hefur endurheimt sófann og liggur þar steinsofandi. Djöfull getur þetta sofið. Inni á baði eru fötin mín orðin þurr, ég henti þeim á ofninn eftir ævintýrið á klósettgólfinu. Það er yndislegt að klæða sig í upphituð föt. Ég íhuga að stelast í tannburstann hennar Ingu en hætti við þótt ég sé óhugnanlega þurr í munninum. Inga er með rosalega sýklafóbíu og munnvatnsskipti okkar í nótt breyta líklega engu þar um. Ég læt því duga að fá

mér munnskól og gríp tvær parkóðín úr baðskápnúm í leiðinni. Hún á alltaf parkóðín.

Þegar ég reyni að hringja í Ingu fæ ég talhólf. Ég veit ekkert hvert hún hefur farið, en þekkjandi hana veit ég að hún gæti hafa skotist í partí, göngutúr eða hvað sem er þar á milli. Þýðir ekkert að velta því fyrir sér. Hún hefur eflaust verið andvaka, enda ekkert smáræðis magn af spítta sem hún innbyrti í gær. Ég ákveð að fara heim, það er runnið þokkalega af mér og tími kominn til að snúa aftur í mitt raunverulega líf. Úti skín morgunsólin og ég er dauðfegin að finna sólgleraugu í hanskahólfinu. Grámi sumarnæturinnar ætti mun betur við mig núna heldur en þessi stingandi, gyllta birta.

Þegar heim er komið bursta ég tennurnar. Síðan pakka ég atburðum gærkvöldsins vandlega ofan í skúffu, við hlið skoðana minna á barneignum og dálæti mínu á hugbreytandi efnum við góð tækifæri. Þessi skúffa verður ekki opnuð aftur í bráð enda Gummi að koma heim í kvöld. Ég vona að hann hafi átt góðar stundir fyrir norðan.

YFIRLÝSING
FRÁ FYRRVERANDI
AÐSTOÐARFORSTJÓRA
FSR

eftir

Ragnar Helga Ólafsson

Í ljósi þess að sögusagnir um tildrög starfsloka minna hjá Fasteignasýslu ríkisins (FSR) hafa síðustu daga verið reifaðar í fjölmiðlum, þá sé ég mig tilneyddan rjúfa þögnina. Og setja fram – eins skýrlega og mér er unnt – hinar raunverulegu ástæður uppsagnar minnar. Bróðurparti starfsævi minnar hef ég varið í þjónustu FSR, svo öllum ætti að vera ljóst að það er ekki með léttúð sem ég tek þessa ákvörðun.

Ég geri mér grein fyrir því að skrif þessi kunna að koma illa við fyrrum starfssystkini mín hjá FSR. Þetta þykir mér leitt. Ég lít á þau sem vopnabræður mína og vopnasystur. Með þeim hef ég marga hildi háð. Þeim

óska ég góðs eins (þvert á það sem látið hefur verið í veðri vaka). Valdamiklir aðilar munu enn fremur vafalaust líta á þessa yfirlýsingu sem trúnaðarbrot, ef ekki lögbrot. En eftir vandlega íhugun er niðurstaða mín samt sem áður sú að almenningur á Íslandi, skattborgararnir, sem á endanum greiða laun starfsmanna FSR og kosta alla starfsemi hennar, eigi heimtingu á því að fá að vita sannleikann: Nefnilega þann að starfsemi Fasteignasýslu ríkisins er í grundvallaratriðum byggð á blekkingum. Sjálfur vék ég mér allt of lengi undan því að horfast í augu við þennan kalda veruleika. Nú er mál að linni.

Fasteignasýslan hefur það lögboðna hlutverk að sjá til þess að halda við byggingum í eigu íslenska ríkisins, bæði hér á landi og erlendis. Í reglugerðinni um stofnunina (nr. 347, frá 4. október, 1971) segir í fyrstu grein: „Stefnt skal að því að eignir ríkisins séu í fullkomnu ásigkomulagi svo opinbert fé það, er í þeim er bundið, skuli ekki rýrna, heldur vaxa að verðgildi.“ Um árabíl börðumst ég og starfssystkini mín vasklega, dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár, við að uppfylla þessa lagaskyldu. Lengi vel taldi ég að málið snerist um ónógar fjárheimildir (sem vissulega hefur verið viðvarandi vandamál alveg frá því stofnunin tók til starfa haustið 1971). Nú er ég hins vegar kominn á þá skoðun að vandinn sé kerfislægur. Ekki einungis illeysanlegur heldur óleysanlegur: Jafnvel þótt stofnunin hefði aðgang að takmarkalaus fjármagni, þá myndi

það engu breyta um niðurstöðuna. Vissulega eru þeir til, sem kjósa – og róa jafnvel að því öllum árum – að öll umræða um FSR takmarkist við annað tveggja: 1) Fjárheimildir FSR; 2) gagnrýni á starfsaðferðir FSR og/eða beina gagnrýni á hæfni starfsfólks FSR.

Þessir aðilar (ég nefni engin nöfn) telja sig – með því að einskorða umræðuna við þessa tvo þætti – vera að vinna í þágu almennings. Ég tel að þeir líti svo á að áður nefnt herbragð þeirra (að halda umræðunni á þessu takmarkaða plani) sé „mannúðleg“ en valkosturinn: sá að ræða kjarna málsins. Slík umræða væri hreinlega of „kaldranaleg“; tilgangurinn helgi meðalið.

Þótt vissulega hafi mér og starfssystkinum mínum oft sviðið að sitja undir dylgjum um meinta vanhæfni starfsfólks FSR (eins og stjórnarliðar gera á stundum), þá er umræðan um takmörkuð fjárframlög (sem haldið er á lofti af stjórnarandstöðunni) hluti af sama blekkingarleiknum, hin hliðin á sömu Pótemkin-tjöldunum. Þessi brella miðar að því að gera hnignun fasteigna þeirra sem heyra undir FSR ásættanlega í augum almennings. Um leið er látið í veðri vaka að til sé lausn. Látið er í það skína að einn dag – og þá jafnvel fyrr en síðar – megi ráða bót á vandanum. Þessum degi lausnarinnar er síðan haldið rétt utan seilingar, en fullyrt að hann muni upp renna um leið og aukinn slaki verði í ríkisfjármálunum, og/eða um leið og endurskipulagningu stofnunarinnar ljúki. Þannig er haldið að almenningi von, þótt auðvitað sé hún aldrei uppfyllt,

eða á hana látið reyna. Henni er haldið lifandi með því að fresta henni um eitt fjárlagaár í senn.

Ástæða þess að ég hef sagt upp störfum (eða verið sagt upp, eftir því hvern þú spyrð), er sú að ég hef ákveðið að taka ekki frekari þátt í þessum blekkingarleik. Ég neita að vera það í þessu tafli, sem miðar að því að halda að almenningi falskri von. Samviska mín leyfir það ekki lengur. Skattgreiðendur eiga heimtingu á því að fá að vita staðreyndir málsins – sama hversu óþægilega þær kunna að hljóma í eyrum þeirra. Sannleikurinn um viðhald fasteigna ríkisins er þessi: Fyrir hverja þakrennu sem við bætum, þá ryðga tvær; fyrir hvert veggjakrot sem við þrífum burt bætast tuttugu við; fyrir hverja fúna spýtu sem við skiptum út, læsir fúkkinn sér í tvö hundruð; fyrir hverja sprungu sem við fyllum í, þá opnast tvö þúsund. Að kvöldi vígsldags nýbyggingar er hún þegar farin að láta á sjá. Inni í veggjunum eru lagnirnar farnar að tærast, blikkið í þakplötunum er farið að veðrast og steypa í útveggjunum að þorna og springa. Vissulega gerist þetta hægt. En eitt er víst, það hef ég lært af biturri reynslu, að öruggt er það: Fasteign er aldrei ósködduð eða í fullkomnu ásigkomulagi. Hornsteinninn veðrast meðan á byggingarferlinu stendur. Þegar síðasti glugginn er settur í, þá þyrfti með réttu að fara beint í það að endurnýja hornsteininn. Þegar því væri lokið er óumflýjanlegt að gluggapóstarnir hafi þurft að þola vinda og vatn og séu farnir að láta á sjá, upp að einhverju marki. Þannig bitur þessi snákur í halann á

sjálfum sér. Viðhald fasteigna ríkisins er síðan í raun hluti vandans, því það eru einmitt aðgerðir okkar, sem störfum (og/eða störfuðum) fyrir FSR, sem viðhalda þessum eilífa vítahring hnignunar og endurbóta.

Niðurstaðan er því miður óumflýjanleg og – eftir á að hyggja – augljós: Starfsemi FSR er ekki einungis grundvölluð á takmörkuðum skilningi á eðli og umfangi raunviðhalds og umhirðu á fasteignum, heldur byggist hún í grunninn á rökfræðilegri mótsögn. Þetta er ástæða þess að við (ég og starfssystkini mín hjá FSR) höfum, þvert á það sem látið hefur verið í veðri vaka, aldrei átt möguleika. Sama hversu hart við höfum lagt að okkur, þrátt fyrir allar yfirvinnustundirnar, þá var verkið frá upphafi vonlaust. Litlir sigrar blésu okkur tímabundið von í brjóst, en nú sé ég að þetta voru ekki raunverulegir sigrar, varla einu sinni varnarsigrar, heldur í besta falli merkingarlitlar skærur, háðar til þess eins að sjá hvar víglínan lægi þá stundina; andartaks glætur, örskotslangar gleðistundir á skipulegu undanhaldi okkar. Það veit guð að ég hef ekki legið á liði mínu í þessum orrustum. Í rúm 40 ár hef ég gefið allt sem ég hef átt í þennan slag, en nú megna ég ekki meir. Við eigum við ofurefli að etja. Ég játa mig sigraðan. Og þótt það sé sárt, þá fylgir því einnig ákveðinn léttir að horfast í augu við þennan kalda veruleika. Við færðumst vissulega of mikið í fang, oft vorum við eflaust fórnarlömb eigin hroka, en ósigurinn er innbyggður í kerfið. Öll okkar vinna var byggð á

sandi; verkin molna, grotna niður, leysast upp í ryk og ösku. Tíminn er í liði með óvininum.

Öll starfsemi FRS er skrípaleikur, settur á svið til þess að vekja með borgurum landsins falska öryggiskennd. Ef fasteign ætti að teljast í fullkomnu ásigkomulagi þyrfti að endurbyggja hana í heild sinni á hverju andartaki. Það er ekki gert. Enda hnignar fasteignum ríkisins stöðugt. Þetta er hinn óþægilegi sannleikur, sem valdaöflin vinna að því að leyna, meðal annars með því að snúa út úr orðum mínum í fjölmiðlum síðustu daga. Hver fasteign, á hverjum tíma, er eilíflega á rófi hnignunarinnar. Algert hrún hennar er stöðugt yfirvofandi möguleiki, og í raun óumflýjanleg staðreynd frá upphafi. Það er einungis spurning um tíma hvenær sá möguleiki raungerist. Það að við breiðum yfir einn og einn galla, eða gerum við eina og eina sprungu, breytir þar engu um. Og það er þess vegna sem ég stend við þau orð mín sem fjölmiðlar hafa gert sér mat úr síðustu daga. Ég neita að taka þátt í þessum blekkingarleik. Starfsemi Fasteignasýslu ríkisins er farsí. Stríðið um viðhald fasteigna ríkisins var tapað frá upphafi.

GLEYMSKA

eftir

Júliu Margréti Einarsdóttur

Við fundum klink og þrjá seðla í mygluðu úlpunni með brunagatinu. Sjóðurinn var leyndarmálið okkar, bréfin, stolnir sleikar í skúr-ingakompunni og öll ósögðu orðin.

Við hlupum í áttina að sjónum hlið við hlið svo hönd mín straukst óvart við skærbleika mjúka kápuna.

„Hey, drullum okkur,“ sagðirðu brosandí, tókst ákveðin um úlnliðinn á mér og hertir á hlaupunum.

* * *

Þú samþykktir að koma með mér á Kaffivagninn svo við gætum virt fyrir okkur höfnina út um gluggann. Seðlarnir og klinkið nægðu fyrir marengsköku og uppáhellingu.

Tennurnar í þér glömrðu í haustkuldanum og þú bөлvaðir honum, hálf afsakandi, og brostir út í annað.

Mig langaði helst að hlamma mér í sama stól og þú. Vefja sterklegum höndum um hálsinn á þér, segja kannski eitthvað sem léti þér líða vel með sjálfa þig. Eitthvað fallet. Eitthvað um sætu þungu lyktina af hárinu á þér og hvað hann er ómótstæðilegur á þér svipurinn þegar þér finnst þú segja eitthvað gáfulegt.

Í staðinn settist ég á móti þér enda tugir augna í kringum okkur sem námu jafnvel smæstu hreyfingu. Ég dró út stólinn hinum megin við borðið og settist svo hnéskefjarnar smullu saman. Frá viðtækinu sem ómaði yfir veitingasalinn bárust skruðningar og óskýrt dimmraddað þunglyndislegt muldur.

Þú flettir Morgunblaðinu, íbyggin á svip. Hægt og rólega, blaðsíðu fyrir blaðsíðu, án þess að lesa orðin.

„Hey,“ hvíslaði ég, tosaði varlega í mjúku peysuna þína og benti á máva sem sveimuðu gargandi í kringum smábátana.

„Sérðu, þeir eru að leika sér.“

Þú leist skeftísk þangað sem fingurinn benti. Fimm hettumávar dóludu sér við hafnarbakkann í eftirmiðdagsþokunni og skiptu á milli sín pulsubrauði á bakk-anum, stungu sér til skiptis í hafið. Skyndilega svifu fjórir þeirra saman burt en sá fimmti spókaði sig áfram forvitinn og tyllti sér loks á þilfarið á voldugu mannlausu skemmtiferðaskipi.

Þér varð litið á næsta borð og ég fylgdi augum þínum. Sköllóttur þrekinn maður klæddur í þykkt þrjóna-

vesti hrærði saman kaffi og rjóma í hvítum skörðóttum Ikeabolla. Útlendingurinn sem sat á móti honum horfði blíðlega á hann og potaði í flatkökusneið með hangkjöti:

„Mig dreymir um að blæða út í glerruslatunnu.“

Sköllótti maðurinn tók sér sopa af kaffinu og leit út um gluggann í átt að mávinum.

Útlendingurinn svaraði engu. Hann kinkaði hlýlega kolli, eins og hann hefði átt von á yfirlýsingunni.

Dú kinkaðir líka kolli til samþykkis og leist í átt til mín. Settir upp skilningsríka svipinn þinn með því að píra grá augun.

Ég var nýbúin að trúá þér fyrir gálganum sem ég geymi í bakaríinu.

Steingrátt regnský lagðist á gluggana í stíl við dimmraddað muldrið frá viðtækinu. Ég horfði beint í augun á þér (ég var nýfarin að þora það) og brosti.

Dú mokaðir því sem eftir var af rjóma vandlega á kökugaffalinn, mættir augum mínum á meðan þú færðir hann rólega upp að vörunum á mér.

Ég flissaði og galopnaði munninn.

Dú lagðir mjúkan lófann á höndina á mér. Naglaklakkaðir fingurnir teiknuðu symmetrískar lykkjur á handarbakið á mér,

„Alveg eins og í bíómyndinni,“ sagði ég brosandi og þú kinkaðir leyndardómsfull á svipinn og við litum hróðugar í kringum okkur.

„Sko, sjáðu.“

„Jáh.“ Ég var fegin. „Loksins,“ svaraði ég.

„Og hey,“ bættirðu við.

„Mundu með mér að kaupa ryksugupoka á heimleiðinni.“

* * *

Við keyrðum á Rangárvelli, ég við stýrið á Volvo foreldra þinna og þú í aftursætinu með vasadiskó að flauta.

Við lögðum ólöglega í grasinu við kirkjugarðinn og fórum í kapphlaup upp að kirkjunni.

Þú tapaðir, en samt ekki.

* * *

Við settumst móðar á miðjan brakandi trébekk aftast í kirkjunni.

Orgelið baulaði yfir kirkjubekkina og þú lokaðir augunum eins og hinir kirkjugestirnir, sveiflaðir vísingrum og fótleggjum dreymin á svip í takt við orgeltónana. Kórinn þrumaði reiðilega á ítölsku.

Ég var orðin tipsí eftir ránsfenginn í vínskápnum og skrikti þegar mér sýndist skræpótt mynstrið á illa sniðnum útsölukjólum kórkvennanna svífa út í loftið og byrja að dansa við Jesúmósaikið á altaristöflunni.

Þú lagðir vísifingur hátíðleg á svip á varirnar og gafst mér laust olnbogaskot.

„Uss,“ hvíslaðirðu og blikkaðir mig.

Svo lokaðirðu aftur augunum. Varðst væmin yfir Avemariunum.

* * *

Fölbleik kvöldbirta varpaði ljósi á slóðina. Þú dróst mig flóttaleg inn í félagsheimili kirkjunnar í kjallaranum.

Ég lagðist á kókklístrað borðtennisborð og þú ofan á mig í ljósbláum kjól með síða ljósa fiskifléttu.

Starðir í augun á mér hátíðleg á svip og hallaðir þér fram til að narta í hálsinn á mér.

Ég reif klaufalega niður um þig rifnar sokkabuxurnar.

Ég sofnaði með kámuga fingur fléttaða við þína, tveir líkamar samofnir í leiktjöldin. Inni í kirkjunni speglaðist slóðin í altaristöflunni.

* * *

Í dagsbirtu tengdum við punktana og eyðilögðum slóðina. Þú klipptir í sundur bandið sem við strengdum og skipaðir mér rauðeygð að borða leifarnar.

* * *

Grár feitur köttur hringar sig letilega í fanginu á þér.

Þú ert ein heima og hefur þennan haustmorgun með rótsterku lavazza-kaffi sem þú sötrar rólega úr

hvítum Ikeabolla og sekkur svo ofan í rauða stólinn með Morgunblaðið í fanginu.

Þú rétt tyllir sama tungbroddi og þú dróst eftir öllum líkamanum mínum nokkrum árum fyrir á mjúkan fingurgóminn, fitlar við flipann á opnunni áður en þú flettir. Kæruleysislega en mjúklega.

Þú skimar yfir opnuna, skoðar myndirnar en lest ekki greinarnar. Leggur frá þér tóman kaffibolla og byrjar umhugsunarlaust að binda sítt ljóst hárið í fasta fléttu.

Þú rekur augun í kunnuglega konu á Tímamótasíðunni í miðju blaðinu. Hún brosir innilega til þín í rammanum af áður óþekktu öryggi.

Þú finnur óvelkomið aukaslag í hjartanu, en ekki mörg. Þeim fækkar með árunum.

Aldrei þessu vant lestu greinina. Síðan leggurðu dagblaðið á stofuborðið, dregur út viðarskúffu undir borðinu og flettir í gegnum umslög og pappíra þar til þú finnur bréfabunkann.

Bréfin eru handskrifuð með óskýrri skrift og illa ydduðum trélitum. Þú rýnir í orðin þó að þú þekkir þau öll. Veltir þeim fyrir þér og smjattar á þeim.

Loks frelsarðu hvert einasta orð merkingu þar til ekkert er eftir af þeim nema mislitt krot á krumpuðum pappírnum.

Þú leggur bréfin snyrtilega aftur ofan í skúffuna og dregur djúpt andann. Orðin dansa um stofuna um stund og svífa loks út í haustloftið, gufa upp og verða að engu.

Þú munt gleyma aftur og aftur þangað til ekkert verður lengur eftir til að gleyma. Saltbragð af tungu. Frekjutár sem ég sleikti af kinn þinni. Snerting mjúkra fingurgóma. Tilfinningar sem tíminn sviptir smám saman allri merkingu.

Minning um örvæntingu, ógleði, sjálfsefa. Þrá eftir því að finna það sem hvarf eins og regndropi sem sekkur í mold um leið og hann fellur.

Í THAL

eftir

Friðgeir Einarsson

Í nótt sagði einhver okkur frá Arnold Schwarzenegger-safninu. Það er að finna á æskuheimili hans í Thal, hálf tíma fyrir utan Graz. Eða svo segir vinur minn, sjálfur man ég ekkert eftir því. Ég er enn að reyna að rifja upp atburði næturinnar, í grófum dráttum að minnsta kosti. Vinur minn er meira að segja búinn að skrifa hjá sér hvernig við komumst þangað, strætóleiðir og hvar á að skipta.

Og núna erum við búnir að gera nokkurn veginn allt sem hægt er að gera í Graz á sunnudegi. Við erum búnir að ganga upp að klukkuturninum, búnir að þræða gamla bæinn í leit að apóteki og drekka þrjú-hundruð kaffibolla. Það eina sem blasir við er að fara á þetta safn. Ég neyðist til að láta það eftir honum.

Thal er lítið þorp úti í skógi. Kannski væri nær að tala um sveit. Ég sting upp á að kalla það útnára en vinur minn bendir mér á að það sé alls ekki einangrað. „Þetta er bara svona fólk sem nennir ekki að fara neitt,“ fullyrðir hann.

Á sunnudögum, eins og í dag, fer fólk til Thal með strætisvögnum frá Graz. Aðallega gamalt fólk. Það sest út á verönd veitingahússins við vatnið og skoðar haustlitina, gengur kannski upp að kastalarústunum ef það hefur heilsu til. Ég geri ráð fyrir að fæstir geri það, við erum yngstir í vagninum. Næstyngstar eru tvær konur á miðjum aldri sem hvor um sig eru að tala við sjálfa sig. Þær sitja ekki saman.

Samkvæmt fyrirmælunum sem vinur minn fékk eigum við að ganga í áttina að golfvöllinum. Við erum hissa á að standa einir á einhverjum sveitavegi og ég viðra efasemdir mínar um að við séum á réttri leið. Þetta er jú æskuheimili eins frægasta manns í heimi, ætti ekki að vera fleira fólk hérna, að skoða safnið um frægasta Austurríkismanninn?

„Frægasta Austurríkismanninn?“ hrópar vinur minn. „Hvað með Mozart? Schubert? Haydn? Brahms? Ertu að grínast? Strauss? Yngri og eldri! Voru ekki þrír Strauss? Mahler! Freud! Hitler!“ Ég reyni hvað ég get að halda í við vin minn, en hann tekur sjaldan tillit til fólks sem gengur hægar en hann. „Wittgenstein! Franz Ferdinand! Nauðgarinn sem var með fjölskyldu sína ofan í kjallara! Thomas Bernhard! ...“

En meira að segja vinur minn verður að viðurkenna

að lífshlaup Arnolds Schwarzeneggers er stórbrotið. Að fæðast inn í fátæka fjölskyldu á eftirstríðsárunum, sonur fyrrverandi nasista. Og verða svo Herra Evrópa, Herra Alheimur, sigra Bandaríkin, leika í Hollywood-myndum, verulega vinsælum myndum, myndum sem fólk horfir ennþá á, og mörgum sem enginn nennir lengur að horfa á, eignast fullt af peningum, giftast inn í Kennedy-ættina, verða ríkisstjóri Kaliforníu, eins stærsta hagkerfis í heimi. Hann er holdgervingur ameríska draumsins.

Eftir fimm mínútna gang, þar af upp tiltölulega bratta brekku, stöndum við fyrir utan æskuheimilið. Við virðum fyrir okkur stóra stytta úr bronsi fyrir utan innganginn, Arnold klæddur sundskýlu, hann hnyklar vöðvana sem bungast eins og kýli um allan líkamann. Styttan er meira en mannhæðarhá. „Ætli það sé ekki allt aðeins stærra þegar Arnold er annars vegar?“ segir vinur minn og hlær. Ég skil ekki alveg hvað honum finnst svona fyndið.

Ég tek mynd af honum fyrir framan styttuna og segi honum að hann sé þreytulegur. Hann biður mig um að taka aðra en ég nenni því ekki.

Á stalli styttunnar stendur blá postulínskanna. Þegar við komum inn í húsið skiljum við hvað hún er að gera þarna – eða fáum öllu heldur tilefni til að setja hana í samhengi. Í dag er húsnaðið nýtt undir mánaðarlegan postulínsmunamarkað sveitarinnar. Þetta árétta kona sem tekur á móti okkur við miðaaufgreiðsluna. Hún virðist samt ekki vera starfsmaður safnsins, hún er

ekki í merktum fatnaði eins og ungu mennirnir sem sitja fyrir aftan afgreiðsluborðið og rýna í símana sína. Eftir nokkrar fortölur fær konan þá til að selja okkur miða og hefur sjálfskipaða leiðsögn sína um safnið.

„Þegar Arnold byrjaði í vaxtarrækt skildi enginn hérna í Thal hvað var að gerast. Þér verðið að skilja að þá voru aðrir tímar, vaxtarrækt var ekki vinsæl íþrótt. Fólki fannst þetta ekki vera íþrótt; fótbolti var íþrótt. Að lyfta einhverju án þess að fá borgað fyrir það? Kjastæði. Þá voru engar fyrirmyndir, enginn Arnold Schwarzenegger. Schwarzenegger þurfti að vera sinn eigin Schwarzenegger.“

Ég kinka kolli. Vinur minn hefur einhvern veginn fundið sér undankomuleið og ráfar inn á safnið. Hann er ókurteisari en ég.

„Á hverjum degi,“ heldur hún áfram, „tók hann vagninn inn til Graz til að lyfta lóðum. Og Gustav, pabbi hans – drottinn blessi minningu hans – hann kunni ekki að meta þetta, skal ég segja yður. Hann hélt meira upp á Meinhardt, eldri bróðurinn – drottinn blessi minningu hans. Kom Arnie í jarðarförina þegar Meinhardt dó? Nei. Kom hann þegar Gustav dó? Nei. Hann var að æfa fyrir mót.“

Ég spyr um klósettið og konan spyr hvort ég vilji fara á upprunalega kamarinn, þar sem Arnie sat, eða bara á venjulegt klósett. Ég segist vilja notast við það sem virkar. Hún hlær. Þetta var grínspurning.

Þegar ég kem aftur af klósettinu er konan komin á snakk við aðra konu sem er að reyna að selja postu-

lín og fleiri muni í æskuherbergi Arnolds. Keramik-sölukonan hefur raðað bróðeruðum dúkum yfir rúm í horninu sem er gamla rúmið hans Arnolds, samkvæmt upplýsingaskilti á veggnum. Á veggnum er líka mynd af honum sjálfum í rúminu, miðaldra, hann passar ekki lengur í rúmið og þarf að kipra sig saman í fósturstellingu. Hann glottir. Á myndinni stendur einhver maður í týrólajakka við rúmið, hann glottir líka. Ég sé að vinur minn stendur hinum megin við postulínsborðið og er að skoða pin-up myndir af berbrjósta stelpum úr safni Arnolds.

„Hann hefur þá komið á safnið,“ segi ég við vin minn og bendi á myndina af Arnold í æskurúminu.

„Auðvitað. Hver myndi ekki koma á safn um sjálfan sig?“ spyr vinur minn. „Á æskuheimili sínu. Hver gæti staðist það?“

Í næsta herbergi er þemað pólitískur ferill Arnolds. Þarna er skrifborð merkt „Governor Arnold Schwarzenegger“ og safn af digrum vindlum inni í glerskáp. Þarna er líka málverk af honum með vindil. Og þar við hliðina ljósmyndin sem málverkið er málað eftir.

Á efri hæðinni göngum við fram á aðra postulíns-sölukonu sem hefur gert sér mótörhjólíð úr Terminator að söluborði. Á leðursætinu, sem fyrir um þrjátíu árum naut varmans frá afturenda Arnolds Schwarzeneggers, standa nú föllbleikir postulínsmunir; könnur, diskar, eggjabikarar, servíettuhringir.

Á skjá í horninu sjáum við kynningarstiklu fyrir kvikmyndina *Junior*, þar sem Arnold leikur karlmann

sem er með barni. Ef ég man rétt er Danny deVito faðirinn. Eða öllu heldur hinn faðirinn. Nei, ég man þetta ekki vel.

„Hugsaðu þér,“ segi ég. „Karlmannlegasti maður í heimi leikur að hann sé óléttur.“

„Er það ekki einmitt brandarinn?“ spyr vinur minn.

Í næsta herbergi er eftirmynd af skrímslinu úr Predator í raunstærð og þar inn af er eldhúsið, gömul eldavel, blikkkönnur og pottar, sleifar, viskustykki á snögum, veggfóður með grænu blómamunstri. Skyndilega birtist konan úr afgangi þess.

„Þetta er eldhúsið þar sem Arnold borðaði,“ segir hún án þess að vera spurð. „Að vísu ekki í upprunalegri mynd, það hefur verið endurgert eftir lýsingum Arnies. Þetta er eldhús minninganna. Honum var hlýtt til hennar, móður sinnar. Þér verðið að skilja, þetta voru aðrir tímar. Mikil harka. Vöndurinn aldrei langt undan. En það hefur ræst úr honum Arnie litla.“

Á leiðinni til baka að stoppistöðinni göngum við meðfram vatninu fyrir neðan vegginn. Á bakkanum stendur bátur upp á endann og í botninn hefur verið fest myndskreytt spjald. Undir mynd af Arnold og fyrrverandi eiginkonu hans, Maríu, stendur: „Bátur bónorðsins. Í þessum sögufræga bát bað Arnold Schwarzenegger sinnar heitelskuðu, Maríu Shriver, árið 1985. Afrakstur þessa sambands eru tvær dætur og tveir synir. Í dag er þessi fyrirmyndarsonur Thal ríkisstjóri Kaliforníu-fylkis.“ Minnisvarðinn er frá 2008, það kemur líka fram á skiltinu. Sennilega fyrir

skilnaðinn, áður en málið um launsoninn komst í hámmæli. Kannski ekki, ég er ekki viss. Ég er ekki vel að mér í þessari sögu.

Skammt undan er skýli bátaleigunnar. Allir bátarnir eru inni, enginn að bera upp bónorð í dag. Hávaxinn karlmaður í pólóbol og með harða ístru kemur út úr bátaskýlinu. Vinur minn er að taka mynd af mér og maðurinn býðst til að taka mynd af okkur saman. Vinur minn tekur utan um mig eins og Arnie heldur utan um Maríu á myndinni. Maðurinn hlær djúpum trölla-hlátri og minnir ótrúlega mikið á þann sem minnismerkið er tileinkað.

Meðan við bíðum eftir vagninum horfi ég á hvernig rautt laufskrúðið speglast í vatninu.

„Hvernig getur þetta verið svona hræðilegt?“ segi ég við vin minn. „Hann hefur sjálfur heimsótt safnið og horft upp á þessa úrkynjun. Af hverju gefur hann ekki smá pening til að gera þetta almennilegt? Finnst honum þetta fyndið?“

„Hann er að hefna sín,“ segir vinur minn. „Hann hatar þennan stað.“

Konurnar sem tala við sjálfar sig eru samferða okkur til baka. Þær sitja hvor í sínum enda vagnsins.

ÚTLAGARNIR

eftir

Bjargeyju Ólafsdóttur

Ég fékk símtal um miðja nótt. Þetta var um það leyti sem ég gekk með þriðja barnið mitt.
– Dagmar? Sind Sie Dagmar?

– Ha, já, já, sagði ég.

Það tekur mig alltaf dálitla stund að vakna. Ég var mjög utan við mig. Það hjálpaði ekki að röddin talaði þýsku, tungumál sem ég hafði ekki talað að ráði síðan ég var unglingur. Mér var tjáð að gamall frændi minn lægi fyrir dauðanum. Gæti ég skotist sem snöggvast yfir hafið til að kveðja hann? Vinsamlegast? Hann Sigurður vildi víst bara hitta mig af öllum ættingjunum, sagði þýða kvenröddin í símanum. Mig? spurði ég. Ég var mjög hissa. Konan í símanum sagðist heita Sieglinde og að hún væri einkahjúkrunarkona Sigurð-

ar. Hún væri búin að panta fyrir mig flug til Berlínar. Ég ætti að drífa mig, vélin færi klukkan 7:15. Ég leit á klukkuna, hún var 3:33. Sieglinde tjáði mér einnig að ég þyrfti ekki að taka neitt sérstakt með mér. Þau myndu sjá fyrir öllu, aðalmálið væri bara að ég kæmi strax. Ég hugsaði hratt. Auðvitað var ekkert vit í því að fljúga út núna, ég nánast komin á sjöunda mánuð. En ég var ennþá á milli svefns og vöku, þannig að ég sagði já og amen við öllu sem Sieglinde sagði. Rögnvaldur maðurinn minn svaf auðvitað í gegnum allt þetta eins og hans er von og vísa. Það sem ég hef öfundað hann í gegnum tíðina, að geta sofið eins og selur við hvaða aðstæður sem er. Ég held stundum að hann sé af tegundinni *Bradypus Variegatus*, letidýr með brún-an háls. Ég settist á rúmstokkinn og hugsaði ráð mitt. Ég yrði að gera þetta, ég hafði ekki séð Sigurð síðan ég var unglíngur í Þýskalandi og þá var hann uppáhaldsfrændi minn og ef þetta var hans hinsta ósk, þá skyldi ég láta það eftir honum. Rögnvaldur yrði bara að redda sér með tvíburana. Ég tók fram litla ferðatösku og setti í hana það allra nauðsynlegasta. Ég setti símann, lyklana og veskið í handtöskuna mína og tróð svo að síðustu *Gleðileiknum guðdómlega* ofan í líka. Mér finnst gott að hafa eitthvað að lesa á ferðalögum, helst hnausþykkan doðrant. Ekki það að ég hafi ferðast mikið eða lesið eftir að ég eignaðist börnin. Ég klæddi mig í níðþröngan svartan kjól sem gaf þó auðveldlega eftir fagurskapaðri kúlunni, þetta var eitt-hvert ótrúlega gott og teygjanlegt kjólaefni. Svo fór

ég í þægilegustu skóna mína. Ég hringdi á leigubíl og þá fyrst vakti ég Rögnvald. Ég ákvað að þetta væri eina leiðin, hreinlega stinga hann af á meðan hann var ennþá í svefnrofunum. Ég hafði ekki tíma til að útskýra fyrir honum aðstæður deyjandi frænda míns í öðru landi, manns sem aldrei hafði borið á góma í fimm ára sambúð okkar okkar Rögnvalds. Rögnvaldur er frá Siglufirði. Hann skilur ekki til fullnustu hvernig það er að vera manneskja tveggja heima. Fyrir honum er heimurinn svo einfaldur. Hugsanlega er það afleiðing þess að alast upp í litlu fallegu þorpi, þar sem þorpsbúar taka að sér í sameiningu að ala upp börnin. Þegar ég vakti Rögnvald sagði hann bara: – Ha? Já, ástin mín. Ertu að fara til Berlínar? En gaman.

Ég var búin að skrifa miða til hans og setja undir segul á ísskápnum, þannig að hann gæti glöggvað sig betur á stöðunni meðan að hann gæfi tvíburunum morgunverð. Hann sneri sér yfir á hina hliðina. Ég skaust út. Ég hringdi í Kristínu vinkonu á leiðinni út á völl og bað hana að hjálpa Rögnvaldi með börnin. Í flugvélinni gluggaði ég aðeins í Dante, en sofnaði svo fljótlega og svaf nánast alla leiðina út. Þegar ég vaknaði rétti ferðafélagi minn handan gangsins mér bókina. Bókin hafði skoppað fram á ganginn og hann hafði eitthvað aðeins verið að glugga í hana, tjáði hann mér. Þetta var huggulegur maður, rauðhærður og rauðskeggjaður, sennilega aðeins yngri en ég. Hann kynnti sig, sagðist heita Jörundur. Ég gæti kallað hann Jöra. Ég var nývöknuð og ég leyfði honum að

hjálp mér að bera töskuna mína út úr flugvélinni. Honum fannst ótækt að láta svona kasólétta konu bera ferðatösku. Í óspurðum fréttum sagði hann mér að hann væri í meistaranámi í bókmenntafræði og einmitt nýbúin að lesa Dante. Hvort ég vildi hitta hann síðar og ræða meira um Dante? Hann dró upp litla vasakompu úr köflóttum skyrtuvasanum (verkfræðingaskyrta, hugsaði ég), reif úr henni blað, hripaði niður nafn sitt, heimilisfang og símanúmer í Berlín. Ég skildi ekki skriftina og bað hann að skrifa nafnið með prentstöfum. Hann gerði það. Jörundur fylgdi mér alla leiðina að útganginum, þar áttaði ég mig á því hvað ég var í rauninni illa klædd. Það var skítkalt, miklu kaldara í Berlín en í Reykjavík. Ég hafði ekki búið mig undir þetta. Jörundur gróf stóra lopapeysu í sauðalitunum upp úr farangrinum sínum og rétti mér.

– Þú skilar henni bara næst þegar ég sé þig, sagði hann og blikkaði mig.

Ég roðnaði og þakkaði honum fyrir. Við útganginn tók Sieglinde við mér. Hún var óðamála: – Við megum engan tíma missa. Ég varð að ná í þig sjálf. Mér er illa við að hafa skilið Sigurð eftir hjá Ingu, hún er ung og óreynd, en ég vildi vera viss um að þú rataðir á leið-arenda.

Ég sagði fátt. Við fórum inn í skærgula smábifreið og Siegfried ók eins og ljón sem leið lá í gegnum Tiergarten. Ég er ekki vön að vera bílhrædd en þarna var ég það. Það var mjög langt síðan ég var síðast í Berlín og ýmsar minningar flugu í gegnum huga minn. Leiftur

frá liðnum tíma. Sieglinde fór með mig að stóru húsi í Jugendstil í vesturhluta Berlínar. Ég kom þessu hverfi ekki alveg fyrir mig. Það voru klifurjurtir á stórum vegg hinum megin við götuna.

* * *

Við stigum inn í fornfálega en þó glæsilega lyftu, það surgaði í henni þegar hún silaðist upp hæðirnar fimm. Ég hélt um kviðinn á mér, barnið sparkaði allrosalega. Sieglinde néri á sér hendurnar. Ég tók eftir því að hún var í snotrum, grænum hönskum úr vaskaskinni. Sieglinde hringdi bjöllu og unga hjúkrunarkonan opnaði dyrnar. Við gengum hratt um langan gang sem varla var hægt að komast í gegnum, þvílíkt var bókaflóðið. Ég datt næstum þegar ég rak tána í rykfallinn stafla, jafnvægisskyn mitt var ekki upp á sitt allra besta. Við enda bóka ganganna tók við dimmt svefnherbergi. Það hefur upphaflega verið stórt og vítt til veggja, en núna var það fullt af bókum og þung dökkblá flaelisgluggatjöld héngu fyrir gluggunum. Örlítill ljóstýra logaði á gömlum lampu með grænum glerlampaskermi við rúmið. Í rúminu lá Sigurður. Hann leit út nánast alveg eins og þegar ég sá hann síðast, nema núna var allt hans þykka hár og skeggið, sem áður var kolsvart, orðið skjannhvítt. Hann var samt ennþá í góðum holdum. Stundum verður veikt fólk svo visið. Hann lá þarna með lokuð augun en það var eins og hann skynjaði nærveru mína.

Hann opnaði augun og benti mér á að koma nær sér, sem ég og gerði. Sigurður rétti mér hönd sína og ég lagði lófa minn í lófa hans. Hann þrýsti hönd mína veiklulega. – Mér þykir vænt um að þú gast komið. Þú ert aldeilis blómleg. Íslenskan hans var skrýtin, hún bar þess merki að hann talaði hana ekki mikið. Svo hvíslaði hann einhverju að Sieglinde, sem dró fram gamlan, fagurlega útskorinn viðarkistil undan rúminu. Kistillinn var á stærð við litla ferðatösku. Sigurður dró fram nisti með litlum silfurlykli sem hann bar um hálsinn. Sieglinde hjálpaði honum að leysa af sér nistið og hann rétti mér nistið og lykilinn. Ég setti nistið um hálsinn á mér. – Dagmar, þú ert sú eina sem ég get treyst fyrir þessum kistli. Í honum er fölgð ævi-
starf mitt. Ég vil að þú ...

Að svo sögðu gaf Sigurður upp öndina. Sieglinde veitti honum nábjargirnar og gerði krossmark yfir honum. Ég byrjaði að gráta hljóðlega og Sieglinde líka. Hún rétti mér hönd sína og við sátum þarna og grétum nokkra stund. Inga kom inn í svefnherbergið. Hún lagði hönd sína á öxlina á mér og sagði að hann frændi minn hefði alltaf talað svo fallega um mig, það væri gaman að sjá mig loksins. Honum Sigurði hafi þótt svo vænt um mig. Konurnar leiddu mig aftur fram og gáfu mér að borða. Ég var örmagna og í kjölfarið lagði ég til svefns í lítilli skonsu sem einnig var full af bókum. Íbúðin var gjörsamlega undirlögð af bókum. Sigurði hafði greinilega tekist að sanka að sér fjölmörgum bókum síðan ég heimsótti hann síðast og

Þessi nýja íbúð var mun stærri en sú sem hann hafði þá til umráða.

Þegar ég vaknaði biðu mín lögfræðingur, prestur og læknir. Ég þurfti að skrifa undir ýmsa pappíra. Konurnar sögðust vera búnar að skipuleggja jarðarförina eða í rauninni hefði Sigurður verið búinn að skipuleggja hana sjálfur í þaula, það hefði bara vantað að setja inn dagsetningarnar. Jarðarförin myndi fara fram í kyrkþey eftir tvo daga. Þær hefðu ákveðið að drífa hana af í ljósi þess hversu langt ég væri komin á leið. Það væri mikilvægast að ég yrði viðstödd. Lögfræðingurinn tjáði mér að ég væri einkaerfingi Sigurðar. Það þyrmdi yfir mig. Ég leit í kringum mig og hugsaði: Guð minn almáttugur. Þurfti ég að fara í gegnum allt þetta göss? Svo datt mér snjallræði í hug. Jörundur! Hann hafði sagst vera bókmenntafræðingur! Eflaust hefði hann gaman að því að fara í gegnum allar þessar bækur.

Tveimur dögum síðar, eftir jarðarförina og erfi-drykkjuna sem fram fór í veislusal í litlu hóteli í nágrenninu, hringdi ég í Jörund. Ég bað hann um að koma og hitta mig í íbúðinni. Jörundur kom og ég sýndi honum íbúðina og sagði honum alla málavexti. Ég gæti hreinlega ekki, eins og ástandið væri á mér, staðið í þessu. Ég elskaði bækur og mig langaði vissulega að grúska í þeim en þetta væri ekki alveg rétti tíminn. Ég sagði honum einnig frá kistlinum, sem ég hafði steingleymt í öllu vafstrinu sem fylgdi jarðarförinni. Jörundur var mjög áhugasamur. Kistilinn var á sínum stað í svefnherberginu. Jörundur bar kistilinn inn í

dagstofuna og setti hann upp á vinnuborðið. Ég dró fram nistið og opnaði kistilinn. Í ljós komu allskyns bækur í ýmsum litum. Við flettum í gegnum þær, þær voru allar handskrifaðar. Þó var ekki sama rithöndin á þeim, heldur var hver bók með sinni rithönd. Í ljós kom að þetta voru allt persónulegar dagbækur allskyns fólks. Við skildum hvorki upp né niður í þessu. Ég sagði honum frá lokaorðum Sigurðar og Jörundur komst að þeirri niðurstöðu að Sigurður hefur eflaust viljað að ég opinberaði þessar bækur með einhverjum hætti. Ég bauð Jörundi að búa leigulaust í íbúðinni ef hann væri til í að skoða fyrir mig bækurnar og sjá hvers kyns þær væru. Jörundi fannst hann hafa himin höndum tekið og samþykkti tilboð mitt strax. Ég sagði honum að ég myndi koma aftur þegar barnið væri fætt og þá myndum við finna út úr þessu saman. Eitthvað af dagbókunum tók ég með mér til Íslands, eins margar og ég gat troðið í litlu ferðatöskuna mína.

Síðan fór ég heim til Rögnvaldar míns og átti barnið. Ég eignaðist hann Angantý litla, óvenju meðfærilegt og vært barn. Þannig að í byrjun fæðingarorlofsins gat ég haft það huggulegt og lesið dagbækurnar spjaldanna á milli. Ég spændi þær í mig á þremur mánuðum og svo kom að því að mig fýsti að fara til Berlínar og klára lesturinn og finna út hvernig Jörundi gengi með bókastaflana. Rögnvaldur, þetta yndi, lætur allt eftir mér, þannig að úr varð að ég var allt í einu komin aftur til Berlínar með blessað barnið á handleggnum, í íbúðina hans Sigurðar í sambúð með Jörundi. Ég

sagði Rögnvaldi reyndar aldrei frá tilvist Jörundar, hvað þá að ég myndi deila íbúðinni með honum. Mér fannst það alveg óþarfi. Ég leit svo á að Jörundur væri í rauninni í vinnu fyrir mig við að skoða bækurnar. Ég hélt áfram að lesa dagbækurnar í kistlinum eftir að ég kom til Berlínar. Ég var að reyna að komast til botns í því af hverju Sigurður hefði sankað að sér þessum dagbókum og hvað í ósköpunum hann vildi að ég gerði við þær. Ég byrjaði að hripa niður hjá mér glósur um þá texta sem mér fundust áhugaverðir. Í sumum dagbókanna voru bara glefsur, textabrot eða hugleiðingar. Sumir voru samhengislausir og jafnvel eins og skrifaðir í óráði. Jörundur hélt áfram að fara í gegnum bókastaflana og grúska í bókunum og flokka þær á meðan ég las dagbækurnar. Hann sagði mér að fjölmargar þessara bóka væru mjög fágætar og verðmætar. Hann sannfærði mig um að nauðsynlegt væri að setja upp reykskynjara, brunavarnarkerfi og eldvarnarhurðir, því að í bókunum væri heilmikill elds-matur og það gæti farið mjög illa ef það kviknaði í húsinu. Ég ræddi innihald dagbókanna við Jörund og við reyndum að finna út hvað vakið hefði fyrir Sigurði. Okkur fannst furðulegt að allar þessar dagbækur væru dagbækur Íslendinga í útlöndum. Var þetta einhver rannsókn? Rannsakaði Sigurður fólk í sömu sporum og hann? Fólk í útleð?

Sigurður hafði bara einu sinni komið til Íslands síðan hann fluttist til Berlínar árið 1957. Þá sigldi hann til Íslands með Gullfossi og dvaldist þar sumarlangt.

Hann var sjóveikur allan þann tíma sem siglingin tók og enn fremur með eindæmum flughræddur maður, þannig að hann ferðaðist framvegis einungis með járnbrautarlestum um Evrópu. Ég skildi ekki hvar hann hafði fengið þessar dagbækur. Bækurnar voru svo persónulegar, fólk skrifaði í þær atburði úr einkalífi sínu, leyndar hugsanir og langanir. Sumar bókanna voru þess eðlis að þær virtust varla ætlaðar neinum nema höfundinum og ég naut þess sérstaklega að lesa þær. Það var svolítið eins og að fá að vera önnur manneskja rétt á meðan, fá að klæða sig í skinn hennar eins og um samfesting með frönskum rennilás væri að ræða. Ég ákvað að skrifa bók byggða á þessum textum. Eins konar smásögur og stuttar örsögur. Jörundi leist vel á hugmyndina. Ég hófst handa þegar í stað. Sumum textanna breytti ég en aðrir fengu að fljóta með nánast eins og þeir komu af kúnni. Hér er til dæmis einn texti sem var í sérstöku upphaldi hjá mér. Hann var mjög samhengislaus en ég kroppaði svolítið í hann og útkoman er þessi:

STAN ÞÓ EKKI GETZ

Ég hitti Stan á viðskiptaferðalagi. Ég var að selja tryggingar um þetta leyti, fyrir alþjóðlegt tryggingafyrirtæki. Ég hitti hann á bar í New York. Ég drakk ótæpilega á þessu tímabili og hafði slegist í för með einhverju tískufólki. Ég dansaði af innlifun inn á litlu blikkandi dansgólfi á barnum í bleikum ljósum og

reykjarmekki. Ég hitti Stan í bleikum gervireyknum. Allt í einu dansaði hann þarna fyrir framan mig og hvílikir danstaktar. Stan var vinur tiskufólksins. Hann var samt ekkert í tisku, heldur var hann smiður. Hann sagði að hann ynni oft fyrir tiskufólkið, þau væri alltaf að byggja og breyta. Hann hafði vingast við þau og fór oft út á lífið með þeim. Þau væru atvinnudjammara. Nóttin var ævintýri líkust, við fórum með tiskufólkinu í partý hjá einhverjum ljósmyndara þar sem við borðuðum súkkulaðiköku sem var stútfull af grasi. Ég hafði ekki hugmynd um það og endaði því heima hjá Stan í hláturskasti. Þetta hláturskast markaði upphafið að sambandi okkar. Ég gleymdi að taka það fram að ég var gift á þessum tíma og því varð Stan í raun að New York elskhuga mínum. Ég var löngu komin með leiða á eiginmanninum. Stan vissi af þessu, að ég væri gift og það virtist ekkert trufla hann. Ég sagði honum að ég væri í rauninni útlagi úr eigin hjónabandi. Ég hafi gift mig alltof ung. Ég hafi hreinlega ekki vitað hvað ég væri að gera. Nú væri ég í sjálfheldu, í einskona- limb-ó. Ég væri að reyna að finna út úr því hvað ég vildi gera. Útlagi! Stan greip orðið á lofti. Hann sagði mér að fyrrverandi kærastan hans, hún Gloria, hafi upplifað sig sem útlaga í eigin líkama. Ég skildi ekki hvað hann var að fara. Hann sagði mér að Gloria hefði fæðst sem karlmaður, en einhvern veginn hafi henni aldrei liðið sem karlmanni. Hún hafi því skipt um kyn. Stan hafði kynnst Gloríu sem konu og þau voru hamingju- söm í nokkur ár, en svo skildu þau. Ég var forvitin um

skilnaðinn en í stað þess að spyrja hann nánar út í þetta samband hans, fór ég allt í einu að tala voðalega mikið um sjálfa mig. Ég byrjaði á því að segja honum frá því að ég og eiginmaður minn hefðum vaxið í sundur. Ég einhvern veginn gæti ekki sagt honum frá sjálfri mér lengur. Ég hefði breyst, mjög mikið og mjög hratt. Ég geymdi hugsanir mínar fyrir mig, djúpt ofan í maga, og það væri sennilega þess vegna sem ég væri komin með magasár. Við hjónin ræddum um bókmenntir og listir, við fórum í skemmtileg matarboð til vina okkar, en allar alvöru hugsanir mínar væru mínar og aðeins mínar. Það væri skrytið að búa með manneskju sem maður gæti einhvern veginn ekki treyst fyrir sér. Og það er það furðulega, sagði ég: Hann spyr einskis. Hann er ekki eins og þú, sagði ég við Stan. Stan var svo blíður og ástríkur. Honum gat ég sagt allar hugsanir mínar og hann hlustaði með eyrun sperrt. Við bættist hvað eiginmaður minn var skyndilega orðinn afbrýðisamur, ég átti orðið aldrei stund með sjálfri mér eða vinkonum mínum. Hver nennir að hitta vinkonur sínar með eiginmanninn í eftirdragi? Ég reyndi að útskýra fyrir honum að stundum þyrftu konur bara að eiga gæðastund með vinkonum sínum – án karlanna. Hann reyndi að veita mér svigrúm en vildi samt alltaf sækja mig eða koma seinna um kvöldið, sama hvar ég hélt mig. Ég útskýrði fyrir Stan, í miklum smáatriðum, að þetta væri orðið þrúgandi. Fólk þyrfti að geta verið eitt með sjálfu sér og hitt stundum vini sína, þó svo að það væri komið í sambúð. Þannig að

Þetta hjónaband væri í rauninni komið á endastöð. Ég fengi ekki svigrúm til þess að vera ein og svo var ekkert gaman að vera með honum lengur vegna skorts á nánd og innileika. Ég gat orðið ekki beðið eftir því að hann færi í vinnuna. Það hefur kannski haldið lífinu í þessu hjónabandi. Hvað? spurði Stan. – Nú, þetta með að hann vinnur svo mikið. Hann er nánast vinnualki. Hann rekur eigin lögfræðistofu og ég ferðast mikið vegna starfs míns. Það er einungis á ferðalögumum sem mér finnst ég virkilega lifandi.

Ég áttaði mig á því að ég var búin að tala út í eitt. Hugsanlega var ég orðin talsvert drukkin, en ég verð gjörsamlega málóð þegar ég er komin yfir ákveðið strik. – En segðu mér, Stan, hvað gerðist með konuna þína? Af hverju skilduð þið? Stan byrjaði að hágráta. – Einn daginn var Gloria bara á bak og burt. Hún hafði varla pakkað niður neinu af sameiginlegum eigum okkar. Hún tók myndaalbúmið sitt, dagbækur og nokkra skartgripum sem ég hafði gefið henni. Ég leitaði út um allt í borginni. Það var eins og hún hefði gufað upp, enginn hafði séð hana eða heyrt í henni. Ég lét lögregluna vita, það var leitað að henni, en hún fannst ekki. – Hvarf hún þá bara sporlaust? spurði ég. Fór hún ekki bara úr landi? – Nei, varla, lögreglan er slyng í að finna fólk sem fer úr landi, sagði Stan. – Og hvað? Sástu Gloríu aldrei aftur? spurði ég og byrjaði líka að gráta. – Já og nei, sagði Stan. Ég hváði, ég skildi þetta ekki. En ég var líka orðin ennþá fyllri, það var nánast komið að þeim vandræðalega tímapunkti þegar Stan

bar mig út í leigubíl. Þá myndum við fara heim í litlu snotru íbúðina hans á White-stræti. Ég myndi falla í ómegin og svo myndum við elskast í morgunsárið, eftir að ég var búin að fá appelsínusafa, beyglur og svart kaffi í rúmið. Það besta var að Stan leyfði mér einatt að reykja uppi í rúmi, það myndi heilsufríkið, eiginmaður minn aldrei líða. Já, ég var svo sannarlega týnd sál á þessum tíma. Ég var orðin verulega forvitin: – Hvað meinarðu? Hittir þú hana en samt ekki? – Ég hitti hann aftur, sagði Stan. – Hann? sagði ég undrandi. – Já, Gloria hafði ákveðið að fara aftur í aðgerð og láta breyta sér aftur í karlmann, sagði Stan. – Ha? Er það hægt? spurði ég því ég hafði aldrei heyrt um annað eins. – Já, það er hægt, sagði Stan og kinkaði kolla. Það er meira að segja auðveldara að breyta konu, sem áður var karlmaður, aftur í karlmann, en að breyta karlmanni, sem alltaf hefur verið karlmaður, í konu. – En af hverju lét hún breyta sér aftur? spurði ég. – Gloria vildi ekki segja mér það, sagði Stan. Ég sagði henni að ég elskaði hana og að ég hefði því sýnt þessu skilning, hefði hún bara sagt mér hvað hún var að spá. Stan hristi höfuðið. – Ég gat ekki lagt þetta á þig. Ég varð að gera þetta ein með sjálfum mér, sagði Gloria við mig. Gloria var þá orðin þessi hávaxni, granni, myndarlegi maður með ljósrautt skegg og svo sagði hún mér að hún ætti von á barni með gamalli skólasystur sinni, Biöncu, kólumbískættaðri fegurðardís. Ég faðmaði Gloríu að mér og byrjaði að hágráta. Ég hef ekki séð hana síðan. Stan þagnaði.

Þetta var meira en ég gat afborið. Það má segja að þessi saga hans Stan hafi kveikt í mér þrá til að reyna að skilja sjálfa mig og finna út hver vegferð mín væri. Þegar ég kom heim úr þessari viðskiptaferð, bókaði ég ferð til Nepal og gekk þar um í fjöllum ein með sjálfri mér í þrjár vikur og hugsaði ráð mitt. Ég tók ákvörðun um að skilja við eiginmann minn. Ég kom heim frá Nepal og hugðist segja honum tíðindin. Hann varð fyrri til. Hann sagðist vilja skilnað. Hann hefði haldið við Katrínu, gamla skólasystur sína, undanfarið eitt og hálf ár. Hún skildi hann svo miklu betur en ég gerði. Ég skildi ekkert hvað hann átti við, eða hvernig var hægt að skilja þennan mann?

Hér er svo önnur saga sem ég skrifaði upp úr dagbókum Íslendinga í útlöndum:

Drengnum er borgið

Barnsfaðir minn var glæpón. Ég ákvað að flytjast til Frakklands með son okkar. Ég hræddist glæpa DNA-ið. Líka að ef ég æli barnið upp í sama umhverfi, litlu smáborginni við sundin, myndi hann á endanum leiðast út í óreglu og byrja að brjóta af sér eins og faðir hans og afi höfðu gert. Þetta var hið eina rétta, að stinga af. Í dag stundar sonur minn nám við virtan hönnunarháskóla í Mílanó og ég veit að ég þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af honum. Pabbi hans var mjög ljúfur og ég elskaði hann afar heitt, sérstaklega fyrst um sinn. En við vorum bara unglingar og hann drakk ótæpilega og

tók stundum E, en hver tók ekki stundum E á þessum tíma? Þetta var sumar ástarinnar og ólöglegu reif-úti-hátíðina. Um haustið var ég orðin barnshafandi og við hófum sambúð. Ég gat þetta ekki, helgi eftir helgi grét ég úr mér augun í kór við barnið, bíðandi eftir því að faðir hans skilaði sér heim af djamminu. Þetta gekk ekki upp. Um næstu áramót hafði ég flust aftur heim til foreldra minna og tekið drenginn með mér. Við héldum auðvitað sambandi, en svo kom að því eina helgina að hann var gripin glóðvolgur í miðju innbroti, á meðan sonur okkar svaf vært hjá móður hans. Innbrotin voru ekki ástæða þess að ég sá fram á að ég yrði að fara í útlegð. Ég tók þessa ákvörðun nokkrum árum síðar þegar hann framdi hryllilegan glæp. Hann myrta á grimmilegan hátt gamla konu, konu sem ég kannaðist við, hún var vinkona ömmu minnar. Hann var í lyfjarússi nóttina sem hann framdi morðið. Hann man ekkert eftir þessu. Honum var stungið inn og ég fékk nóg. Ég ákvað að ég gæti ekki boðið syni mínum upp á þetta líf. Ég yrði að forða honum og búa til ný örlög fyrir okkur. Útlegðin? Hvernig líður mér? Var ég yfirhöfuð í útlegð? Jú, sennilega er þetta útlegð. Ég sakna Íslands á hverjum degi. Ég sakna þess að tala íslensku í daglegu lífi mínu. Ég sakna smæðar borgarinnar. Ég sakna vinkvenna minna og ég sakna fjölskyldunnar minnar. Ég sakna fáránlegra hluta eins og snúða með bleiku glassúri. En það hefur verið þess virði. Drengnum er borgið.

Ég fékk útgefanda að bókinni með hjálp Jörundar. Hann er vel tengdur í Berlín og við ákváðum að fara þá leið að gefa út tvítyngda íslensk-þýska útgáfu hjá virtu bókaforlagi í Berlín. Þeir könnuðust við bókamanninn Sigurð og þeim fannst sagan á bak við verkefnið stórmerkileg. Við ákváðum samt að hafa ekki hátt um sköpunarsögu verksins, heldur fórum þá leið að láta eins og þetta væri allt saman mín hugarsmið. Bókin fékk stórkostlegar viðtökur og góða gagnrýni. Fólk reif hana í sig. Svo byrjuðu mér að berast bréf frá fólki sem taldi að ég væri að vitna í líf þeirra og að vissir hlutar úr bókinni væru hreinlega skrifaðir af þeim sjálfum. Þetta var auðvitað dagsatt og ég lenti í málaferlum. Við reyndum að halda þessu leyndu en blöðin komust á snoðir um þetta og blésu málaferlin upp. Við héldum að þetta myndi knosa mig, en sú varð ekki raunin. Fólk varð bara spenntara fyrir bókinni ef eitthvað var: Bókin fór á metsölulista og ég stórefnaðist. Áður hafði ég séð fram á að mjatla út einhverjum af verðmætu bókunum hans Sigurðar heitins mér til lífsviðurværis, nú gat ég hins vegar haldið í alla fágætu dýrgripina hans og jafnframt lifað í vellystingum. Við Rögnvaldur skildum skömmu síðar. Rögnvaldur varð leiður á því hversu sjaldan ég kom heim og hann vildi ekki sjá að flytja til Berlínar. Rögnvaldur er sveitamaður og það var vissulega það sem heillaði mig við hann til að byrja með. Ég færði tvíburana okkar yfir til Berlínar og fékk fyrir þá góða barnfóstru. Mér fannst orðið óbærilegt að vera á Íslandi. Eftir að bókin kom út, skrifuðu

íslensku dagblöðin hryllilegar greinar um mig og bókina mína. Ég var úthrópuð fyrir að vera ritþjófur og – það sem verra er – mannorðsþjófur. Fólki, sem taldi að ég væri að skrifa um það, steig fram og lét mig hafa það óþvegið. Það var jafnvel stofnaður hópur á Fésbók um mig og bókina. Til að byrja með reyndi ég að fara í viðtöl og segja að ég hefði hugsanlega farið sömu leið og Halldór Laxness gerði þegar hann skrifaði Heimsljós. Þá hafði Laxness skáldið frá Þröm, Magnús Jörundur Hjaltason Magnússon, til hliðsjónar og birti eitthvað af ljóðum hans. Jörundur skrifaði einnig greinar mér til varnar og einhverjir fleiri tóku minn málstað, en það var aðallega fólk innan fræðaheimsins sem benti á að ef ég hefði ekki skrifað þessa bók, þá hefði engin skrifað jafn merkilega bók um hugarheim Íslendinga sem lifðu í sjálfskipaðri útleið. Því væri bókin mín, sem ég kallaði *Útlagarnir*, stórmerkilegt rit og ekki bara stórmerkilegt, heldur líka bráðskemmtilegt.

Það var svo fimm árum síðar að til mín kom í heim-sókn gamall hæglátur maður. Hann bankaði upp á eitt kvöldið og sagðist vera gamall vinur Sigurðar. Nafn hans var Alessandro da Lucca. Hann var af ítölsku bergi brotin en hafði búið hin síðari ár í Marokkó, því hann þjáðist af sjaldgæfum öndunarfærasjúkdóm og honum fannst hlýrra loftslag eiga betur við sig. Hann var því langt að komin. Ég gaf honum te og kanilsnúða sem tvíburarnir höfðu bakað. Hann skoðaði íbúðina, dáðist að bókakostinum og strauk sumum bókanna af væntumþykju, eins og hann þekkti þær. Við ræddum

almenn mál eins og fólk sem er að kynnast gerir. Loks vindur hann sér að efninu og segir mér að hann hafi lengi vitað til þess að Sigurður stæli dagbókum Íslendinga í útlöndum. Þetta hafi verið ástríða Sigurðar og mikið leyndarmál. Da Lucca sagðist ekki skilja hvernig hann fór að því að sanka að sér þvílíku magni af dagbókum, en da Lucca var sá eini sem Sigurður treysti fyrir þessu leyndarmáli sínu. Að eigin sögn vildi Sigurður með þessu eima upp Þjóðarsálina, kenning hans var sú að í fjarlægðinni skýrðist myndin á heima-landinu, eins og allt væri skyndilega í fókus. Da Lucca sagði að Sigurður hafi viljað að dagbækurnar yrðu læstar inni í dimmum kjallara í fimmtíu ár í Þjóðskjalasafni Íslands, til þess að engir eftirmálar yrðu af athæfi hans. Dagbækurnar hafi bara verið hugsaðar sem hráefni í rannsókn, en alls ekki sem efniviður í bókmenntir, hvað þá að birta ætti þær í hluta eða heild. Da Lucca hafi verið fyrsti gæslumaður bókanna, en svo slettist upp á vinskap þeirra um hálfu ári fyrir andlát Sigurðar og því hafi farið sem fór. Da Lucca var nú búin að fyrirgefa Sigurði og því hafi hann ákveðið að koma og finna mig og útskýra fyrir mér alla málavöxtu. Hann hafi lesið um bók mína, *Útlagana*, í heimspressunni og rífið hár sitt og skegg af sorg yfir því að annað eins mál hefði hlotist af lífsástríðu Sigurðar. Við sátum hljóð með tebollana okkar og horfðust í augu. Að lokum sagði ég: Takk, Herra da Lucca. Takk.

BERNA

eftir

Kristinn Árnason

(The Dao is an empty vessel)

Það er þriðjudagsmorgunn og ég er á leið til Bernu, sálfræðingsins míns, eftir sömu leið og venjulega. Klukkan korter í ellefu stíg ég út um hvítar stáldyr Södra lestarstöðvarinnar, lít vökulum augum kringum mig og beygi til hægri meðan hurðin lokast á eftir mér. Fikra mig varfærnislega lengra inn í hverfið. Göngustígurinn er þráðbeinn og liggur milli blokkanna, steinsteypra mistaka síðustu aldar. Annað slagið lít ég upp og tek fáein sundtök í blámanum fyrir ofan mig, eins og til að stilla mína strengi. Síðustu tvær eða þrjár blokkaraðirnar eru sérstaklega ljótar og niðurdrepandi en ég freista þess að viðhalda sæmilega elskandi lífsviðhorfi. Ég vel 3633 með talnalásnum við

hlið inngangsins. Það smellur í hurðinni. Rétt fyrir innan, í sviplausu viðtalsherbergi á jarðhæð, bíður mín blár stóll. Blái stóllinn hennar Bernu. Ég hef sest í hann vikulega í heilt ár, alltaf á sama tíma, einu korteri eftir að ég stíg út um hvítu stáldyrnar á Södra Station klukkan korter í ellefu á þriðjudagsmorgnum.

Ég var að reyna að horfa á hlutina með augum himinsins. Mín eigin höfðu leitt mig í þessar ógöngur. Ég mátti ekki líta undan. Og ég gat ekki leyft mér að horfa fram veginn. Trúði ekki lengur á skáldskap sem lífsmáta. Ég þurfti að læra að finna alveg til, að vera tómur bátur sem býður öllu um borð jafnóðum, elskandi og orðalaust. Þannig myndi ég hlusta á fuglana, horfa á ljótu blokkirnar og mæta augunum á gangstéttunum. Og þannig myndi ég horfa inn í sjálfan mig.

* * *

Blái hægindastóllinn dúaði notalega og mér fannst ég passa vel í hann. Ég sat og ruggaði mér og horfði í kringum mig, hvíldi augun öðru hverju á trjágreininni fyrir utan gluggann og beið þess að byrja að tala um eitthvað. Berna sat á móti mér og las skýrslu síðasta samtals úr agnarsmárri fartölvu sem hún hafði í fanginu. Allt var dauflega blátt og grátt í viðtalsherberginu, líka lýsingin, sama hvernig viðraði. Út um gluggann bakvið Bernu blasti við hliðarveggur næstu blokkar, og þessi eina trjágrein. Í herberginu

var jafnframt stór nuðbekkur með gati fyrir andlit á öðrum endanum, og bókahilla sem var næstum alveg tóm. Þetta var ekki upplífandi herbergi en ég kunni ekki illa við mig þarna, alls ekki, þetta var svona ekki neitt stemning í herbergi sem bar engan keim af neinu. Í fullkomnu samræmi við borgarhverfið sem ég var horfinn inn í. Auk þess var stóllinn virkilega þægilegur. Huggunin sem hann veitti mér var kannski heimsóknanna virði.

Þegar ég hugsa um Bernu er hún í dökkblárrí peysu og ljósbláum gallabuxum. Hún var hæglát og óræð, mér fannst ég geta sagt ýmislegt við hana, að ég væri á öruggum stað, engum stað þar sem ég gæti sagt allt við engan sérstakan, enginn vissi að ég væri þarna og enginn myndi nokkurn tímann komast að því sem ég sagði. Ég held að Berna hafi búið á efri hæðum byggingarinnar, en ég er ekki viss um það. Hún var ekki óörugg með sig, sem er kostur í fari sálfræðings. Í tíu tíma viðtalssenu hjá íslenskum sálfræðingi árið áður hafði ég meiri áhyggjur af líðan hans en af sjálfum mér. Berna vakti ekki slíkar kenndir hjá mér, ég var ekki þarna til að láta henni líða vel, en ég þurfti samt að minna mig á að ég væri í bláa stólnum fyrir sjálfan mig og engan annan. Ég mátti ekki vera að einhverju rugli lengur, þetta skipti máli. Og kannski var ég að verða ögn afslappaðari. Ég sagði Bernu meira að segja frá þessu með íslenska sálfræðinginn, hvernig ég varð upptekinn af líðan hans í viðtölum okkar árið áður. Hún hló að því, en spurði mig síðan alvarleg í bragði

hvort ég hefði nokkuð áhyggjur af því hvernig henni liði. Ég sagði nei, að mér liði ekki þannig núna, og til þess að hún tæki mig trúanlegan bætti ég við að það væri léttir að líða ekki þannig lengur. Í sannleika sagt var ég þó ekki alveg laus við þessa tilfinningu, einkum þegar hún varð svona ákveðin og það varð allt í einu eins og henni þætti skipta einhverju máli hvað ég var að segja.

Ég reyndi að opna mig, að tala um það sem kynni að íþyngja mér, ég vildi draga fram það sem sat fast í taugunum og stíflaði líkamann, horfast í augu við allt draslið, af elskandi umburðarlyndi og kærleika í minn garð og annarra. Eða í raun ekki í neinn sérstakan garð, hvorki minn né annarra, þetta átti bara að vera svona almennur kærleikur sem er tómur bátur. Oft fannst mér erfitt að tala, fannst ég ekki þurfa að tala um neitt sérstakt, en ég lagði mig fram, stillti mig inn á trjágreinina sem var sem betur fer fyrir utan gluggann, og stundum opnaðist fyrir mállokuna og orðin streymdu uppúr mér. Annað slagið varð mér meira að segja nokkuð heitt í hamsi, töluvert upprifinn yfir því sem ég var að segja. Ég sagði Bernu til dæmis frá því hvernig ég tapaði golfmóti viljandi þegar ég var þrettán ára. Þegar ég var þrettán og þráði ekkert heitar en að verða góður í golfi og vinna golfmót. En ég tapaði viljandi á seinni níu því mér fannst allir halda með hinum stráknum, eða eins og ég ætti bara ekki að vinna. Eins og það væri eitthvað hættulegt.

Ég gerði svona undantekningar í bláa stólnum hjá

reyna að skilja að maður þarf ekki stöðugt að afsaka sig meðan á þessu stutta jarðlífi stendur. Einu sinni var þó eins og hún væri beinlínis sofnuð, þannig að ég gerði hlé á máli mínu og það hvarflaði að mér að spyrja hana hvort hún væri syfjuð, hvort henni liði eitthvað illa. En ég gerði það ekki og hélt áfram að tala, eða hún spurði mig annarrar spurningar með hálflokuð augun og þannig höktum við áfram, eins og dorgveiðimenn í tjaldi úti á frosnu vatni. Ég vandist þeim samt aldrei alveg, geispunum hennar Bernu. Sem betur fer ekki. Því það er kannski hættulegast af öllu. Að bara venjast hlutunum.

* * *

Þegar síðasti klukkutíminn var á enda stóðum við bæði upp. Berna var nýbúin að fara yfir það sem henni fannst skipta máli fyrir mig í framhaldinu. Mér fannst sumt ágætlega athugað en hún sagði þó ekki margt sem hún hafði ekki sagt við mig sex mánuðum áður. Heilt ár af þriðjudögum var að baki og það hvarflaði að mér að nú væri eðlilegt að kveðjast almennilega. En þegar ég var við það að breiða út faðminn, taka utan um hana Bernu mína lauslega og jafnvel kyssa létt á kinnina, rétti hún mér einfaldlega aðra höndina, sem hún var reyndar ekki vön að gera. Að mér beindist útréttur handleggur klæddur í dökkbláa peysu. Og þannig kvöddumst við.

Ég steig út úr blokkinni í síðasta skiptið. Blái stóllinn

var enn ofurlítið volgur eftir mig inni í herberginu þar sem Berna sat og pikkaði eitthvað í litlu fartölvuna sína. Ég fann fyrir einhverjum tótleika eftir þessa nöpru kveðjustund. Mér fannst asnalegt hjá Bernu að kveðja mig svona. Hafði ég kannski látið hana hafa mig að fíflum með öllum þessum heimsóknum? Ég var ekki sáttur við þetta og hugsaði með mér að kannski væri dýr í henni líka sem þyrfti að fá að komast út, hlýtt og kelið dýr sem vildi láta ókunnuga klóra sér, sem kveddi sjúklinga sína eins og alvöru manneskja, sem tæki utan um þá sem þyrftu á því að halda og skildi að sumir sem setjast í bláa stólinn eru þrettán. En svo mundi ég að ég var tómur bátur sem hefur enga hugmynd um hvað er best fyrir mig eða aðra í þessum heimi. Ef til vill var þetta einmitt kveðjan sem ég þyrfti á að halda? Kannski var Berna að minna mig einu sinni enn á að ég þyrfti ekki endilega á faðmlagi eða viðurkenningu að halda, að ég mætti vera hitt dýrið í skóginum, jafnvel þótt ég væri á sama tíma himinn og trjágrein?

* * *

Í grænu töskunni minni var sundskýla og ég ákvað að fara beint í Erikdalsbadet, sundlaugina. Þangað fór ég til að æfa mig í að stökkva út í sundlaugina, þótt hún væri köld. Þetta var táknræn athöfn og mjög raunveruleg. Ég stóð á pallinum, horfði ofan í kalda laugina og fann fyrir hikinum. Hikinum inni í mér and-

spænis óttanum sem speglaðist í sundlauginni. Svo stökk ég. Út úr óttanum og inn í hann líka. Þetta var mjög táknrænt.

Á eftir sat ég lengi í gufubaðinu. Ég held að ég hafi ekki sagt Bernu frá þessu með gufuna. Ég fór í gufuna til að reyna að svitna. Fór nakinn í gufuna og var miklu lengur þar inni en mér fannst þægilegt. Varð stundum hálf smeykur við að vera þarna svona lengi, en þrjóskaðist samt við að sitja áfram. Reyndi að svitna. Fylgdist sérstaklega grannt með lærunum. Og eftir því sem ég fór oftar í gufuna um vorið, eftir því sem laufblöðin í líknandi skógunum tóku að gægjast eitt af öðru út í dagsljósið, byrjuðu lærin að svitna svolítið líka. Fyrst bara aðeins, svo smám saman meira. Þegar ég sá svitadropana birtast á rýrum vöðvunum ímyndaði ég mér stundum að ég væri indjáni, allsber og einn, berfættur úti á gulri og víðáttumikilli sléttu undir heiðbláu hafi. Ég sat undantekningarlaust lengur en allir aðrir í gufunni. Aðrir komu og fóru, ég leyfði þeim að koma og fara eins og himinn sem leyfir lífinu að koma og fara, eins og tómur bátur sem rúmar allt sem kemur og allt sem fer – ég sat, lengst allra, líkamlegastur allra, eins og trjágrein, eins og hikið á stökkbrettinu í miðjunni, eins og indjáni í gufubaði – eins og eitthvað sem þorir að vera til – meðan svitinn kreistist út um næstum samgróin svitagöng húðarinnar.

HÖFUNDAR

efnis í þessu hefti

BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR er myndlistarmaður sem býr í Reykjavík. Smásögur eftir hana hafa áður birst í Tímari Mál & menningar og Stínu.

FRIDGEIR EINARSSON er sviðslistamaður, leikari, leikstjóri og höfundur, samhliða störfum við textasmíðar á auglýsingastofu í Reykjavík. Hann hefur gefið út eina bók, *Leiðarvísi til handa leikmönnum um merkingarhraðal: eðli hans, tilgang og virkni*.

JÚLÍA MARGRÉT er heimspekimenntaður rithöfundur með mastersgráðu í ritlist. Hún býr hjá foreldrum sínum og á tvo ketti.

KRISTINN ÁRNASON er fæddur árið 1980 í Reykjavík. Hann hefur undanfarin misseri stundað mastersnám í ritlist við Háskóla Íslands, auk þess að fást við þýðingar og önnur verkefni. Kristinn er nú enn á ný búsettur í fæðingarborg sinni, og vinnur að frágangi ljóðabókar.

RAGNAR HELGI ÓLAFSSON las heimspeki við Háskóla Íslands og lagði síðar stund á nám í myndlist í Frakklandi. Hann hefur síðastliðin ár unnið að myndlist og sýnt verk sín víða um heim, meðfram því að sinna grafískri hönnun og kennslu. Hann er annar forsvarsmanna Tunglsins forlags og situr auk þess í ritstjórn tímaritraðarinnar 1005 og vef tímaritsins Skíðblaðnis. Þriðja bók Ragnars Helga, ljóðabókin *Til hughreystingar þeim sem finna sig ekki í samtíma sínum* hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar haustið 2015. Áður hafa komið út skáldsagan *Bréf frá Bútan* (Tunglið forlag, 2013) og smásagnasafnið *Fundur útvarpsráðs þann 14. mars 1984 og áhrif hans á kynverund drengsins og fleiri sögur* (1005, 2015). Ragnar Helgi býr í Reykjavík.

SÓLVEIG JOHNSEN er nemi í kvikmyndafræði og ritlist við HÍ. Hún er búsett í Vesturbænum og fæst samhliða háskólanáminu við barrekstur. Síðasta útgefna verk hennar var gefið út í nokkrum vel völdum jólapökkum til vina og vandamanna jólin 2012, dularfull saga um einmana einkaspæjara. Sólveig kveðst vita fyrir víst

að mamma hennar geymi verkið enn á öruggum stað,
líklega ofan í náttborðsskúffu.

SVERRIR NORLAND er ritstjóri Skíðblaðnis og hefur
viða birt ljóð, sögur og greinar. Um þessar mundir hef-
ur hann búsetu í New York og vinnur þar að nýjum
sögum inni í gluggalausum kútaskáp sem hann nefnir
„skapandi skápin“. Nýjasta bók hans er skáldsagan
Kviðasnillingarnir (Forlagið, 2014).

TUNGLIÐ FORLAG

Tunglið kallar á skáldskap og Tunglið forlag svarar kallinu með útgáfu tunglbóka. Tunglbækur eru nokkuð ólíkar jarðarbókum hvað varðar bæði snið og innihald. Þær innihalda prósaskáldskap sem virðir að vettugi algengustu hugmyndir um lögum skáldsagna. Tunglbækur koma út á fullu tungli. Á Tunglkvöldum eru allar dyr opnar, allan tímann, því hið föla skin tunglsins hlífir engum.

TUNGLBÆKUR

- I. *Bréf frá Bútan* eftir Ragnar Helga Ólafsson, 23. júní 2013.
- II. *Eilífar speglanir* eftir Kristínu Ómarsdóttur, 23. júní 2013.
- III. *Kviðasnillingurinn* eftir Sverri Norland, 22. júlí 2013.
- IV. *veraldarsaga (min)* eftir Pétur Gunnarsson, 22. júlí 2013.
- V. *Líf mitt, til dæmis* eftir Margréti Bjarnadóttur, 21. ágúst 2013.
- VI. *Bananasól* eftir Björk Þorgrímsdóttur, 21. ágúst 2013.
- VII. *Spennustöðin* eftir Hermann Stefánsson, 14. febrúar 2014.
- VIII. *Stálskip* eftir Atla Sigþórsson, 14. febrúar 2014.
- IX. *Kúbudagbókin* eftir Óskar Árna Óskarsson, 4. apríl 2015.
- X. *Hugmyndir ...* eftir Halldór Halldórsson, 4. apríl 2015.
- XI. *Skíðblaðnir, fyrsti* eftir ýmsa höfunda, 22. febrúar 2016.
- XII. *Skíðblaðnir, annar* eftir ýmsa höfunda, 22. febrúar 2016.

MOND-BÜCHER (Á ÞÝSKU)

- I. *Briefe aus Bhutan* eftir Ragnar Helga Ólafsson, 27. október 2015.
- II. *Ewige Spiegelungen* eftir Kristínu Ómarsdóttur, 27. október 2015.

ÖNNUR VERK

Sjálfsmorðstíðni í Finnlandi eftir Dag Hjartarson, apríl 2013.

Alzheimer-tilbrigðin eftir Hjört Marteinson, október 2014.

The Palace of the Summerland: Ragnar Kjartansson and Friends at TBA21, 2014.

Ljóð daganna: 29. mars – 28. apríl 2014, ritstj. Ragnar Helgi Ólafsson, apríl 2015.

„ÞETTA ÁTTI
BARA AÐ VERA
SVONA ALMENNUR
KÆRLEIKUR SEM
ER TÓMUR
BÁTUR.“